

## Íslenskt táknmál - þú hefur það í hendi þér

**STÓRSIGUR AÐ  
TÁKNMÁL VAR SETT  
INN SEM HLUTI AF  
MÓÐURMÁLS-  
KENNSLU  
BARNANNA**

Bls. 6 & 7

Berglind Stefánsdóttir

**VIÐURKENNING  
ÍSLENSKA TÁKN-  
MÁLSINS OG  
RÉTTARSTAÐA  
HEYRNARLAUSRA**

Bls. 9 - 12

Ástráður Haraldsson

**KENNSLA Í  
TÁKNMÁLFRÆÐI  
VIÐ HÁSKÓLA  
ÍSLANDS**

Bls. 13 & 14

Viðtal við  
Rannveigu Sverrisdóttur

**SKÓLI  
HEYRNARLAUSRA  
Í INDÍANA,  
INDIANAPOLIS**

Bls. 15 - 19

Laurene Gallimore

**MIKILVÆG SPOR  
Í SÖGU  
HEYRNARLAUSRA**

Bls. 25 - 29

Viðtal við  
Eyrínu Ólafsdóttur



Heiðis Dögg Eiríksdóttir

# Mennt er máttur

Þegar ég var barn þá átti ég mér draum um að vinna við ýmis störf. Ég skipti um skoðun á hverju ári og þegar ég hafði lokið grunnskóla þá var ég eiginlega búin að fá nóg af námi.

Sumarið eftir að ég lauk grunnskóla-prófi fór ég að vinna í frystihúsi og fannst það til að byrja með fint. Ég gat unnið mér inn fullt af peningum og þetta var ekki sem verst. Í frystihúsinu kynntist ég eldri konu sem hafði unnið í fiski í tæp 60 ár. Ég varð svo hissa hvað hún hafði unnið lengi í fiski svo ég spurði „finnst þér svona gaman að vinna í fiski?“ Hún svarði því neitandi og sagðist ekki hafa neitt annað val. Hún hefði ekki menntað sig. Svör þessara konu fengu mig til að hugsa mig um því ekki hafði ég áhuga á að vinna í fiski næstu 50 árin.

Ég fór í menntaskóla sem mér fannst í upphafi vera mjög langt nám en tíminn leið hratt. Ég var svo lánsöm að aðrir heyrnarlausir höfðu rutt brautina fyrir mig og gat ég stundað námið nokkuð eðlilega. Þó komu upp vandræði vegna skorts á túlkum og stundum gat ég ekki tekið þá áfanga sem ég vildi vegna þessa. En einn dag lauk ég námi og útskrifaðist sem stúdent.

Að stúdentsprófi loknu fór ég í háskólann. Ég ræddi við námsráðgjafa um áform mín og reyndi að útskýra þarfir mínar sem heyrnarlaus námsmaður. Það var ekki alltaf létt og stundum var ég komin að því að hætta. En allir vinir mínir og félagið hvöttu mig til að halda áfram námi. Það sem mér fannst erfiðast var að koma fólki í skilning um að tákn-

**Aðeins með  
viðurkenningu á  
móðurmáli mínu  
eru mér skapaðar  
forsendur til að njóta  
þeirra lífsgæða sem  
lífið hefur upp á að  
bjóða í íslensku  
samfélagi**

málstúlkun er nauðsynleg til þess að ég geti stundað nám. Sem dæmi þá fóru allir fyrirlestar fram í Háskólabíó og stundum voru ljósin slökkt. Þið getið ímyndað ykkur hvernig það var að reyna að horfa á túlkinn! Eftir fyrstu önnina þá ákvað ég að breyta til og leggja stund á hjúkrunarfræði.

Ég skráði mig í hjúkrunarfræði, keypti bækur og hóf undirbúning við námið. Viku fyrir skólasetningu

kom í ljós að ég fengi engan túlk. Ég ákvað samt að fara í námið án þess að hafa túlk. Þetta var gífurleg vinna. Ég las allt námsefnið, því ég gat ekki fylgst með því hvort við ættum að sleppa einhverju efni. En ég hélt áfram og fór í prófið. Ég var mjög nærri því að ná prófinu en því miður gekk það ekki en ég ætla að reyna aftur og er viss um að ná þegar ég er með táknmálstúlk. Allar þær hindrandir sem ég hef mætt á menntagöngu minni hafa eftt mig í þeirri ákvörðun að ljúka háskólaprófi. Aðeins með því að mennta mig hef ég möguleika á að hafa val um atvinnu og getað notið þeirra lífsgæða sem lífið hefur upp á að bjóða. En til þess að ég sem heyrnarlaus geti það verður að viðurkenna mig sem manneskju sem á íslenska táknmálið sem móðurmál. Aðeins með viðurkenningu á móðurmáli mínu eru mér skapaðar forsendur til að njóta þeirra lífsgæða sem lífið hefur upp á að bjóða í íslensku samfélagi.

Heiðis Dögg Eiríksdóttir



Berglind Stefánsdóttir

# Viðurkenning móðurmáls okkar

Á undanförunum vikum hefur farið fram mikil umræða um viðurkenningu á íslenska táknmálinu og réttarstöðu heyrnarlausra. Í rúman áratug hefur Félag heyrnarlausra barist fyrir viðurkenningu á íslenska táknmálinu - móðurmáli okkar en sú barátta litlu skilað. Hefur framkoma stjórnvalda við okkur, heyrnarlausra Íslendinga, verið hreint með ólíkindum. Málefni okkar hafa ítrekað komið til umfjöllunar á Alþingi þar sem allir sem tekið hafa til máls hafa sagt skilja þessa kröfu okkar. Hins vegar hafa verkin látið á sér standa.

Nú á síðustu dögum Alþingis fyrir kosningar var lögð fram fyrirspurn til forsætisráðherra um stöðu íslenska táknmálsins og hvort til stæði að setja lög um íslenska táknmálið. Var m.a. vitnað í nýlegt lagaálit sem liggur fyrir um viðurkenningu á íslenska táknmálinu og réttarstöðu heyrnarlausra. Þar kemur fram að réttarstaða heyrnarlausra sé ekki nægilega tryggð í íslenskum lögum sér í lagi er varðar rétt til túlkapjónustu í daglegu lífi. Forsætisráðherra sagði í svari sínu að það væri ekki nóg að setja lög það þyrfti að horfa á þessa viðurkenningu sem langtímamarkmið. Gott og vel en stjórnvöld hafa haft 10 ár og 5 nefndir til að fjalla um réttarstöðu heyrnarlausra. Eigum við að þurfa að biða í önnur 10 ár? Fleiri þingsályktunartillögur um viðurkenningu á táknmáli sem stjórnvöld vilja ekki samþykkja? Fleiri nefndir til að fjalla um túlkapjónustu fyrir heyrnarlausra sem ekkert er gert með? Fleiri starfshópa sem eiga að leggja til hver borgi kostnaðinn við túlkapjónustu? Fleiri starfshópa sem verða til í tæp 6 ár og engu skila? Nei takk. Við getum ekki sætt okkur við slík vinnubrögð.

Sem heyrnarlausir Íslendingar eigum við rétt á því að taka þátt í íslensku samfélagi sem fullgildir þjóðfélagsþegnar. Forsenda þess að okkur sé gert kleift að ganga menntavegin, taka þátt í atvinnulífinu, eignast húsnæði, standa við skuldbindingar og vera ábyrgir foreldrar er að íslenska táknmálið verði viðurkennt í lögum. Því markmiði viljum við ná innan tveggja ára. Við sættum okkur ekki við aðra 10 ára bið. Við erum sterkasta vopnið í baráttunni, við verðum að þrýsta á stjórnvöld og sýna vilja okkar með því að sýna samstöðu og taka þátt í þeim aðgerðum sem Félag heyrnarlausra stendur fyrir með viðurkenningu að leiðarljósi. Sá fjöldi sem mætti til mótmæla á Austurvelli þann 6. mars sl. gaf aðeins tóninn fyrir það sem koma skal. Baráttunni verður haldið áfram og ekki hætt fyrir en sú stjórn sem kemur til með að fara með völd eftir kosningar hefur viðurkennt íslenska táknmálið og tryggt réttarstöðu heyrnarlausra.

Baráttukveðjur,  
Berglind Stefánsdóttir  
formaður

## DÖFFBLAÐIÐ

FRÉTTABRÉF FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

### Ritnefnd:

Hafðis Gísladóttir og Anna R. Valdimarsdóttir

### Þýðingar:

Svandís Svavarsdóttir

### Prófarkalestur:

Svandís Svavarsdóttir

### Ábyrgðarmaður:

Berglind Stefánsdóttir

### Útgefandi:

Félag heyrnarlausra  
Laugavegi 103  
105 Reykjavík  
sími: 561-3560, fax: 551-3567  
netfang: deaf@deaf.is  
heimasíða: www.deaf.is

### Ljósmyndir:

Sóla o.fl.

### Umbrot:

Grafíska smíðjan ehf.

### Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

### Úpplag:

1.500 eintök

### Stjórn Félags heyrnarlausra:

Berglind Stefánsdóttir formaður  
netfang: bettys@ismennt.is

### Júlia G. Hreinsdóttir varaformaður

netfang: juliahr@islandia.is

### Hjördís A. Haraldsdóttir ritari

netfang: hahara55@hotmail.com

### Ragna G. Magnúsdóttir meðstjórnandi

netfang: rgmno@centrum.is

### Guðrún Ólafsdóttir meðstjórnandi

netfang: gudruno@bi.is

### Framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra:

Hafðis Gísladóttir

netfang: hafdis@deaf.is

www.deaf.is

deaf@deaf.is

## Reykjavík:

2001 ehf, Hverfisgötu 49  
 Aðalmálun sf, Skólavörðustíg 10  
 Almenna verkfræðistofan hf,  
 Fellsmúla 26  
 ALTECH JHM hf, Lynghálsi 10  
 Alþjóðleg miðlun ehf, Tryggvagötu 8  
 Alþýðusamband Íslands, www.asi.is,  
 Sæturni 1  
 AM Praxis ehf, Sigtúni 42  
 Andrés, fataverslun, Skólavörðustíg 22a  
 Annáll ehf, Ármúla 6  
 Arkis ehf, Skólavörðustíg 11  
 Arkitektastofan ehf, Borgartúni 17  
 Augað, gleraugnaverslun, Kringlunni og  
 Spönginni  
 Áfengis- og tóbaksverslun rikisins,  
 Stuðlahálsi 2  
 Ál nabær hf, vefnaðarvöruverslun  
 Tjarnargötu 17 Keflavík, og Síðumúla  
 32 Reykjavík  
 Áltak ehf, Stórhöfða 33  
 Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 102b  
 Árbæjarbakari sf, Rofabæ 9  
 Ármúli 19 ehf, Ármúla 19  
 Árni Reynisson ehf, Túngötu 5  
 Árvík hf, Ármúla 1

Bernhard Petersen hf, Skútuvogi 10f  
 Betra bak ehf, Faxafeni 5  
 Betra lif ehf, Kringlunni 8  
 Bifreiðaverkstæði H.P., Hamarshöfða 6  
 Bilabúð Benna ehf, Vagnhöfða 23  
 Bilahornið Stilling ehf, Skeifunni 11  
 Bilaleigan AKA, Vagnhöfða 25  
 Bilamálun Halldórs Þ Nikulássonar,  
 Funahöfða 3  
 Bilamálun Sigursveins Sigurðssonar,  
 Skipasundi 80  
 Bilasmiðurinn hf, Bildshöfða 16  
 Bilastjarnan, Bæjarflöt 10  
 Björgun ehf, Sævarhöfða 33  
 Björnsbakari ehf, Klapparstíg 3  
 Borgarblöð ehf, Vesturgötu 15  
 Bókhaldsþjónusta Gunnars M sf,  
 Síðumúli 15  
 Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf,  
 Skeifunni 4  
 Bón- og þvottastöðin ehf, Söltúni 3  
 Brimrún ehf, Hólmaslóð 4  
 BSRB, Grettisgötu 89  
 Bændasamtök Íslands, Bændahöllinni  
 Hagatorgi  
 Dagvist barna, Hafnarhúsinu  
 Tryggvagötu 17

Danica sjávarafurðir ehf, Laugavegi 44  
 Davíð S Jónsson og Co ehf,  
 Skútuvogi 13a  
 Dreifing ehf, Vatnagörðum 8  
 Dún- og fiðurhreinsunin, Vatnastíg 3  
 Dýrarikið ehf, Fellsmúla 26  
 Effect hársnyrtist, Bergstaðastræti 10a  
 Efling stéttarfélag, Sæturni 1  
 Efnalaug Árbæjar ehf, Hraunbæ 102  
 Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21  
 Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4  
 Fagtún ehf, Brautarholti 8  
 Faktor einkaleyfaskrifstofan,  
 Sólvallagötu 48  
 Farmasia hf, heildverslun, Síðumúla 32  
 Fasteignasalan Gardur ehf, Skipholti 5  
 Feró ehf., Steinasei 6  
 Ferskar kjötvörur hf, Síðumúla 34  
 Félag íslenskra bifreiðaeigenda,  
 Borgartúni 33  
 Félagsbústaðir hf, Suðurlandsbraut 30  
 Fiskbúðin Hafrún, Skipholti 70  
 Fjármálaeftirlitið, Suðurlandsbraut 32  
 Flugþjónustan ehf, Reykjavíkflugvelli  
 Flytjandi hf, Klettagörðum 15  
 Formaco ehf, Gylfaflöt 24-30  
 Fólksbilaland ehf, Bildshöfða 18

Framsóknarflokkurinn, Hverfisgötu 33  
 Frikirkjusöfnuðurinn Reykjavík,  
 Laufásvegi 13  
 Fullorðinsfræðsla fatlaðra, Borgartúni 22  
 Fónix ehf, heimilistækjaverslun,  
 Hátúni 6a  
 G Hannesson Company hf,  
 Borgartúni 23  
 Gallabuxnabúðin, Kringlunni 4-12  
 Gistiheimilið Jörð, Skólavörðustíg 13a  
 Gjúgur ehf, Grenivík, Tómasarhaga 46  
 Gjórví ehf, Grandagarði 18  
 Globus hf, Skútuvogi 1f  
 Gluggahreinsun Loga, Funafold 4  
 Grafarvogs Apótek, Hverafold 5  
 Gröðurvörur ehf, Stekkjabakka 6  
 Grænn kostur, Skólavörðustíg 8  
 Guðmundur Arason ehf, Skútuvogi 4  
 Guðrún ehf tiskuversl., Rauðarárstíg 1  
 Gunnar Eggertsson hf, Sundagörðum 6  
 H. Snorrason ehf, Kleppsmýrarvegi 8  
 Hafrós ehf, Skútuvogi 12g  
 Hagverk ehf, bilasmiði, Bæjarflöt 2  
 Handlæknastöðin ehf, Álheimum 74  
 Happaðisið, Kringlunni 4-12  
 Happaðretti Háskóla Íslands,  
 Tjarnargötu 4

Harðviðarval hf, Krókhálsi 4  
 Hárbær, hársnyrtistofa, Laugavegi 168  
 Hárgreiðslustofa, Miðleiti 7  
 Háskólaflöjtrun ehf, Fálkagötu 2  
 Hitastýring hf, raftækjavnustofa,  
 Þverholti 15a  
 Hnit hf, Háaleitisbraut 58-60  
 Hnotskógur ehf, Grandagarði 14  
 Hópfæriamiðstöðin ehf, Hesthálsi 10  
 Hraðmyndir ehf, Hverfisgötu 59  
 Hreyfimyndasmíðjan ehf,  
 Hamarshöfða 5  
 Hús og ráðgjöf ehf, Skúlagötu 63  
 Húsakaup, Suðurlandsbraut 52  
 Húsaklæðning ehf, Ingólfsstræti 3  
 Húsgögn ehf., Bildshöfða 14  
 Innheimtustofnun sveitarfélaga,  
 Lágmúla 9  
 Internet á Íslandi Isnic, Dunhaga 5  
 Ísgraf ehf, Laugavegi 13  
 Ískort - Ísvík ehf, Ármúla 22  
 Íslandsbanki hf, Stórhöfða 17  
 Ísleifur Jónsson ehf, Bolholti 4  
 Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf,  
 Bildshöfða 12  
 Íslux hf, Fornhaga 22  
 Íþróttabandalag R.víkur, Engjavegi 6

# Þú gerir þetta með annarri!

isb.is

**Netbankinn**  
 – fjármál verða ekkert mál.

  
 ÍSLANDBANKI

Útibú | Eignastýring | Eignafjármögnun | Fyrirtækjasvið | Markaðsviðskipti

www.isb.is

Vertu með allt á hreinu!



Camilla Mirja Björnsdóttir

*Camilla er hluti af ört stækkandi hóp heyrnarlausra ungmenna sem stundar nú háskólanám en hún hóf nám í táknafræðum við Háskólann í Stokkhólmi nú í haust. Camilla er þó ekki að setjast á skólabeck í fyrsta skiptið í Svíþjóð en hún er fædd í Svíþjóð og gekk í Manillaskólann þar til að hún flutti heim, 14 ára gömul. Fyrir hana eins og aðra er hefja háskólanám, er þetta stórt skerf. Hún er að takast á við ný fög, aðrar reglur og önnur gildi og um leið þarf að*

*hún að fara að temja sér hinn akademíska hugsunargang. Háskólinn er að hálfgerð manndómsvígsla, nemendur læra að standa á eigin fótum og því er miklvaegt að hafa sterkan grunn til þess að byggja á.*

Grunnur hvers nemenda sem hefur háskólanám byggist upp að stórum hluta á þeirri þekkingu, reynslu og hæfni sem nemandinn hefur aflað sér í grunn- og framhaldsskóla.

Þegar Camilla var innt eftir því hvernig var að koma aftur til Íslands og hefja nám við Vesturhlíðarskóla svaraði hún því að upphafið hafi ekki verið eins og best verður á kosið. „Ég kom heim í apríl og hóf þá nám við skólann. Vorprófin voru svo í maí og ég varð að taka sömu próf og aðrir nemendur, þrátt fyrir að hafa verið í skólanum svona stutt. Þetta var erfitt og ég var ekki ánægð með þetta fyrirkomulag. Á sama tíma fékk ég viðbótartíma í íslensku og fór í aukatíma eftir að skólanum lauk um vorið og svo aftur áður en skólinn byrjaði aftur um haustið. Þessi viðbótarkennsla veitti mér aukið öryggi og ég varð betri í íslensku.“

Camilla nefnir að kröfur til nemendana hafi ekki verið miklar og oft höfðu nemendurnir ótrúlega mikið vald yfir því hvað var kennt hverju sinni. „Námsefnið var stöðugt að breytast, einn veturinn var kennd leikfimi en þann næsta ekki. Sömu sögu má segja um dönsku, kennarinn spurði nemendurnar hvort að þau vildu læra dönsku en nemendurnir sögðu nei og því var fagið fellt niður. Þetta þótti mér mjög skrítið. Annars var ég heppin með kennara, hún hvatti okkur áfram og sagði að við gætum lært það sem við vildum ef við ynum að því. Þó fannst mér stundum vanta aukið samstarf milli kennara og fagana sem voru kennd, við lærðum til dæmis mikið í íslenskri málfræði en aldrei að beita málfræðinni eins og við ritgerðasmíði. Annirnar í skólanum vorum misjafnar, stundum var námsefnið fjölbreytt og við fengum að reyna margt nýtt en það kom fyrir að það vantaði upp á fjölbreytileika. Við lærðum aldrei um landafræði Íslands, eðlisfræði og efnafræði en það kom mér illa þegar ég hóf nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð.“

Aðspurð sagði Camilla að hugurinn hafi stefnt í áframhaldandi nám þó svo að það hafi komið tímar þegar hún hafi hætt við. „Ég fékk góðan stuðning frá kennara mínum, heyrnarlausum nemendum MH og mömmu sem hvöttu mig áfram. Mamma spurði mig einhvern tímann hvort að

ég væri til í að vinna sömu vinnuna næstu 60 árin, það gæti gerst ef ég drifi mig ekki í menntaskóla. Og þar sem ég var ekki til í það, byrjaði ég í Menntaskólanum við Hamrahlíð eftir að hafa dvalið sem skiptinemi í Norður-Karólínu í eitt ár.“

Camilla sagði að í byrjun hafi hún þurft að fá aukatíma í íslensku, eðlis- og efnafræði þar sem hún var ekki nógu undirbúin undir þau fög en annars hafi henni gengið vel í skólanum. Námsefnið komst til skila í gegnum túlkana en einnig fór það eftir kennaranum hversu vel gekk að skilja efnið. Allt gekk upp að lokum og Camilla útskrifaðist sem stúdent frá MH í maí 2002.

„Ég var alveg ákveðin í því hvað ég vildi læra að loknu stúdentsprófi. Ég hafði setið kúrsa hjá Júlíu G. Hreinsdóttur í MH í táknafræði og við ræddum mikið um táknafræði og rannsóknir á því. Eftir það var ég ákveðin í því að fara í háskólanám

í táknafræði og haustið 2002 fluttist ég til Svíþjóðar þar sem ég stunda nú nám í táknafræði við Stokkhólmsháskóla.

Námið er mjög spennandi og miklar umræður eru í tímum. Nemendurnir eru bæði heyrnarlausir sem og heyrandi og meðal kennara er Lars Wallin en hann er einn fremsti sérfræðingur heims í táknafræði. Ég er mjög ánægð í Svíþjóð og það er gaman að vera í bekk með fólki sem hefur jafn brennandi áhuga á táknafræði og ég. Kúrsanir sem ég tók hjá Júlíu hjálpa mér við námið hérna úti og eru góður grunnur til þess að byggja á og mér finnst menntaskólinn hafa búið mig vel undir háskólanámið.“

Camilla sagði að hún hafði ekki ákveðið neitt varðandi framtíðina. „Ég hef margar hugmyndir en markmið mitt er að klára BA-próf vorið 2005 og eftir það bæti ég við einu ári og klára MA-gráðu. Mig langar að búa á Íslandi því hér er fjölskylda mín og vinir en ég væri líka til í að búa annars staðar. Helst vildi ég rannsaka íslenska táknafræði, safna saman gömlum táknum, búa til táknafræðabók fyrir foreldra og margt fleira.“

# Stórsigur að var sett inn sem móðurmálskennslu

Árið 1999 var Aðalnámskrá grunnskólanna gefin út. Undirbúningsvinnan hafði staðið yfir í nokkur ár. Starfsfólk frá Vesturhlíðarskóla kom að þeirri vinnu og vann þann stórsigur að tákn-mál var sett inn sem hluti af móðurmálskennslu barnanna. Í því felst viðurkenning á að móðurmál heyrnarlausra barna er táknmál. Einnig var sett inn að íslenska skyldi aðlöguð fyrir heyrnarlausu nemendur.

**Það sem er helsti gallinn á framkvæmdinni er að á stundaskrá barnanna er ekki reiknað með jafn mörgum tímum í táknmáli eins og samsvarandi aldurshópar fá í móðurmálinu íslenska**

Fram að breytingu Aðalnámskrár bætti Gunnar Salvarsson, skólastjóri, sjálfur inn tímum í táknmáli á stundarskrá barnanna 1 til 2 tímum á viku. Vesturhlíðarskóli seinna reynt að bæta við fleiri tímum en þó ekkert líkt því sem heyrandi börn fá í íslenskukennslu.

Það sem er helsti gallinn á framkvæmdinni er að á stundaskrá barnanna er ekki reiknað með jafn mörgum tímum í táknmáli eins og samsvarandi

aldurshópar fá í móðurmálinu íslenska. Sem dæmi má nefna heyrandi barn í 1. bekk sem fær 6 kennslustundir á viku í móðurmáli sínu en heyrnarlaus börn fá ekki samsvarandi kennslustundir í táknmáli, þessu þarf að breyta. Í Noregi er Aðalanámskránni fylgt á þann hátt að táknmál bætist sjálfkrafa við stundatöflu heyrnarlausu barnanna, og er það undarlegt að slíkt hið sama sé ekki gert hér á landi.

Annað sem gerir skólanum erfitt að fylgja Aðalnámskrá er að við gerð markmiða er verið að miða við börn sem hafa fullt vald á móðurmáli sínu, hvort sem um er að ræða táknmál eða íslensku. Vesturhlíðarskóli tekur oft á móti börnum sem eru langt eftir jafnöldrum sínum í málþroska. Þetta starfar helst af því að ekki er kveðið á í lögum um rétt foreldra til að sækja táknmálsnámskeið ef þau eignast heyrnarlaust barn og í skólanámsskrá leikskólanna er ekki minnst á táknmálið. Af þessum sökum koma börnin mjög mis vel í stakk búin til að taka inn námsefni á táknmáli. Barn sem byrjar í skóla 6 ára gamalt en hefur ekki skólaþroska, ef til vill með orðaforða á við þriggja ára gamalt barn, á ekki auðvelt með að uppfylla markmið skólanámskrárinnar. Einnig tekur skólinn oft á tíðum á móti nemendum sem kunna alls ekki neitt í táknmáli sökum þess að þeir koma seint inn í

skólann og þá er grunn vinnan að kenna þeim táknmál. Að mínu mati er það ekki vænleg leið að minnka námskröfur til þessara barna en eðlilega setur þetta skólann í ákveðinn vanda.

Það er annað sem gerir skólanum erfitt um vik, það er skortur á námsefni í táknmáli. Þegar táknmál var sett inn í Aðalnámskrána var ekki til neitt kennsluefni í skólanum. Kennarar höfðu, í gegnum tíðina, sjálfir búið til námsefni til að kenna táknmál.

Árið 2000 hófum við viðræður við Menntamálefni um gerð námsefnis

**Það sem þarf til að uppfylla markmið Aðalnámskrár eru menntaðir kennarar, líkt og móðurmálskennarar í íslensku. Kennarar sem fá kennsluréttindi í Kennaraháskóla þar sem þeir sérhæfa sig til að kenna heyrnarlausum börnum móðurmálið, táknmál**

í táknmáli og niðurstaðan sú að Námsgagnastofnun í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra vinnur að námsgagna-





Berglind Stefánsdóttir

# táknmál hluti af barnanna

gerð. Það er mjög dyrt í framkvæmd að búa til námsefni á táknmáli og þar sem táknmálið er sjónrænt mál sem hefur ekki ritmál fer gríðarlegur kostnaður í að þýða íslenskt efni á gott táknmál og setja á myndbönd. Fjárframlagið sem Námsgagnastofnun fær í verkið er 1 milljón á ári. Þessi fjárupphæð er fljót að fara og þarf að hækka verulega ekki síst með tilliti til þess að í framtíðinni verður æ meira efni framleitt á diska til þess ætlað að nota í tölvum, líkt og Samskiptamiðstöð er að þróa núna, og það er ekki síður dyrt í vinnslu.

Mig langar hér að þakka sérstaklega þeim starfsmönnum, nemendum úr táknmálsfræði í Háskóla Íslands og heyrnarlausum, sem hafa komið hingað og kennt börnunum táknmál. Þeir einstaklingar hafa unnið ómetanlegt starf fyrir börnin og gefið þeim mikið. Þeir hafa unnið ótullega að kennslunni án þess að hafa nokkur námsgögn í höndunum, heldur þurft sjálfir, á eigin spýtur, að þróa og búa til efni sem hentar kennslunni.

Það sem þarf til að uppfylla markmið Aðalnámsskrár eru menntaðir kennarar, líkt og móðurmálskennarar í íslensku. Kennarar sem fá kennsluréttindi í Kennaraháskóla þar sem þeir sérhæfa sig til að kenna heyrnarlausum börnum móðurmálið, táknmál. Kennaraháskólinn þarf að taka það hlutverk að

sér að mennta þann hóp kennara líkt og aðra kennara. Það sama má segja um íslenskukennslu fyrir heyrnarlausu, það er einnig ákvæði um að aðlagða íslenskukennslu fyrir heyrnarlausu og til að því markmiði verði ná er nauðsynlegt að mennta kennara í tvítyngiskennslu. Fram að þessu hefur skólinn verið að leitast við að vinna eftir tvítyngiskerfinu.

Til er fjöldinn allur af ýmiss konar prófum sem hæfa heyrandi börnum, málsskilningspróf, lesskilnings-, málþroskapróf o.s.frv. Þetta vantar verulega fyrir heyrnarlausu og heyrnar-skerta nemendur. Það eru ekki til nein próf til að kanna getu þeirra. Eins og ég útskýrði hér að ofan koma börnin hingað mjög mismunandi stödd í táknmáli og afar mikilvægt er að hafa eitthvað tæki til að meta táknmálþroska þeirra. Að fá slík próf er mikilvægur liður í að fylgja Aðalnámsskrá grunnskólanna.

Ég vil taka það fram að það var stórsigur og mjög ánægjulegt að Menntamálaráðuneytið setti táknmál sem fyrsta mál og íslensku sem annað mál. Með því var stór sigur unninn. Samt sem áður er margt enn óunnið og að mörgu að hyggja í framkvæmd Aðalnámsskrárinnar.

Berglind Stefánsdóttir aðstoðarskólaskjóri

## EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKJA FÉLAG HEYRNARLAUSRA

### Mjólfjörður:

Mjólfjarðarhreppur, Brekku

### Reyðarfjörður:

Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf, Búðareyri 15  
Skólaskrifstofa Austurlands, Búðareyri 4

### Eskifjörður:

Heilbrigðisstofnun Austurlands, Strandgötu 31  
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf, Strandgötu 39

### Neskaupsstaður:

Netag. Friðriks Vilhjálmssonar hf, Neskaupsstað-Akyreyri

### Fáskrúðsfjörður:

Fáskrúðsfjarðarhreppur, Tungu 2  
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

### Stöðvarfjörður:

Tryggingamiðstöðin, Borgargerði 18

### Breiðdalsvík:

Héraðsdýralæknir Austurlands, Ásvegi 31

### Höfn:

Bókhaldstofan ehf, Krossesjarvegi 17  
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Víkurbraut 31  
Hraðbúð Nesjum ehf, Hafnamesi 1  
Jökulsarlón ehf, Smárabraut 20  
Sambýlið Hólabrekka, Hólabrekku  
Skinney - Þinganes, Krossesj

### Selfoss:

Árvirkinn ehf, Eyraevegi 32  
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni  
Byggingarfélagið Árborg ehf, Bankavegi 5  
Dýralækningsgjafnusta Suðurlands sími 482-3060, Stuðlum  
Fasteignasalan Bakki ehf, Sigtúnun  
Fjölbrautaskóli Suðurlands, Tryggvagötu 25  
Fossvélar hf, Hrísmýri 4  
Gaulverjabæjarhreppur, Gaulverjabæ  
Guðmundur Tyrfinngsson ehf, Fosnesi C  
Hólmar Bragi Pálsson, Mími-Borg  
Hraungerðishreppur, Þingborg  
Ingólfur, verslun, Austurvegi 34  
J. Á. verktakar ehf, Gagnheiði 28  
Jeppasmíðjan ehf, Ljónsstöðum  
Mjólkurbú Flóamanna, Austurvegi 65  
Myndbandahornið ehf, Eyraevegi 17  
Náttagi, garðplöntustöð, Ólfusi  
Pylsuvagninn Selfossi, Besti bitinn í bænum  
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagnheiði 35  
Set ehf, plastiðnaður, Eyraevegi 41-49  
Sjúkraþjálfun Selfoss ehf, Gagnheiði 40  
Verkfæðistofa Guðjóns, Austurvegi 44  
Verslunin Hornið ehf, Tryggvagötu 40  
Villingaholtshreppur, Mjósýndi

# Málþing

## Réttindi - Menntun - Lífsgæði

*Fréttir frá Félagi heyrnarlausra*  
Í lok febrúar stóð Félag heyrnarlausra fyrir málþingi með yfirskriftinni „Réttindi - Menntun - Lífsgæði“. Ráðstefnan fór fram í Salnum í Kópavogi og var vel sótt. Eftir að Heiðdís Dögg Eiríksdóttir hafði sett þingið tóku til máls tveir fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu, Hjálmar Arnason og Kolbrún Halldórsdóttir alþingismenn. Þau fluttu erindi um pólitíska afstöðu er varðar réttinda-baráttu heyrnarlausra. Í erindum beggja þingmannanna var farið fögrum orðum um mikilvægi þess að viðurkenna íslenska táknmálið og sagði m.a. fulltrúi núverandi stjórnar vera sannfærður um að málefni heyrnarlausra yrðu í næstu stjórnarstefnu.



Svandís Svavarsdóttir sá um fundarstjórnun og leysti það flokna verk vel af hendi en málþingið fór fram á þremur tungumálum.

Ástráður Haraldsson, lögmaður Félags heyrnarlausra flutti erindi um viðurkenningu á íslenska táknmálinu og réttarstöðu heyrnarlausra. Er erindi hans birt í heild sinni í þessu blaði.

Eyrún Ólafsdóttir, nemi í Kennaraháskóla Íslands, fjallaði um lokaritgerð sem hún vann að um reynslu heyrnarlausra og heyrnarskertra barna af skólagöngu án táknmáls. Eyrún kom

einnig inn á nokkur atriðið er varðar sameiningu Hlíðaskóla og Vesturhlíðarskóla og áhyggjur hennar af því táknmálsumhverfi sem heyrnarlaus börn koma til með að búa við eftir sameininguna.



Sigurlín M. Sigurðardóttir kom með fyrirspurn til stjórnmalamanna í pallborði.

Í erindi Berglindar Stefánsdóttur, aðstoðarskólustjóra Hlíðarskóla táknmálssviðs, lagði hún áherslu á aðalnámskrá grunnskóla og hvaða þætti þyrfti að vinna að til að grunnskóli fyrir heyrnarlaus gæti uppfyllt aðalnámskrá grunnskóla. Kom hún m.a. inn á þætti s.s. menntun kenn-



Heiðdís Dögg Eiríksdóttir við setningu málþingsins.

ara, námsgagnagerð og stöðu heyrnarlausra leikskólabarna en réttur þeirra til táknmáls er ekki tryggður í lögum. Hefur þetta haft þau áhrif að mörg börn sem koma í grunnskólann hafa ekki þá grunnþekkingu í táknmáli sem reiknað er með í aðalnámskrá.

Erindi Dr. Stuarts Blume bar yfirskriftina „Dilemmas in Partenting Deaf Children: Coping and Culture“. Dr. Blume lagði upp með mjög athyglisverðan samanburð á uppeldi heyrnarlausra barna og Bandaríska barna af Afrískum uppruna sem eru ættleidd af hvítum foreldrum. Vísaði hann m.a. til rannsókna um þessi börn sem voru ættleidd. Þar kom fram að mjög mikilvægt sé að börn sem eru



Dr. Stuart Blume

að öðrum uppruna en foreldrar fái að umgangast og kynnast þeim menningarheimi sem þau eru sprottin af. Virðing foreldra fyrir þeim menningarheimi sem börnin koma frá er mjög mikilvæg. Má geta þess að Félag heyrnarlausra vinnur að því að birta erindi Stuarts Blume í næsta tölublaði.

Að loknum fyrirlesturum voru pallborðsumræður sem voru mjög pólitískar og báru sterkan keim af því að stutt er til Alþingiskosninga.





Ástráður Haraldsson

# Viðurkenning íslenska táknmálsins og réttarstaða heyrnarlausra

Erindi flutt á málþingi Félags heyrnarlausra „RÉTTINDI - MENNTUN - LÍFSGÆDI“ 28. febrúar 2003

## 1. „Þjóðtunga“, „móðurmál“

Í íslenskum rétti hefur nánast verið litið á íslenskuna sem sjálfsgöðan hlut og sem móðurmál Íslendinga. Ekkert í íslenskum lögum tekur þó sérstaka afstöðu til þess hvert sé móðurmál Íslendinga eða hvað hugtakið móðurmál yfirleitt felur í sér. Eina ákvæðið í íslenskum lögum sem segja má að taki afstöðu að þessu leyti er 10. gr. laganna um meðferð einkamála í héraði en þar segir að þingmálið sé íslenska. Í öðrum tilvikum hefur nánast ekki þurft að fjalla sérstaklega um hugtakið móðurmál eða þjóðtöngu nema í þeim tilvikum þegar Íslendingar hafa tekið á móti nýjum Íslendingum. Fólki af erlendum uppruna sem hefur viljað setjast að á Íslandi. Í slíkum tilvikum hafa Íslendingar stundum þurft að gera ráðstafanir til að tryggja aðlögun og aðkomu slíkra nýrra íbúa að þjóðfélaginu og gert ráðstafanir til að kenna slíku fólki íslensku. Meðal annarra þjóða er algengt að menn hafi heyðst til að taka afstöðu til stöðu mismunandi tungumála þar sem að þjóðirnar tala fleiri en eitt tungumál. Um þetta má nefna ýmis dæmi; Belga, Svisslend- inga, Ítali, Kanadamenn, Finna. Í stjórn- arskrár slíkra ríkja er gjarnan að finna sérstök ákvæði sem taka sérstaka afstöðu til þjóðtöngunnanna og laga- legrar stöðu þeirra. Í nokkrum stjórnar- skrár hefur táknmál heyrnarlausra sérstaklega verið viðurkennt í stjórnar- skrá. Þetta á við um Finnland, Tékkland, Kólumbíu, Úganda, Slóvakíu, Suður- Afríku og Portúgal.

## 2. Táknmál í íslenskum lögum

Í íslenskum lögum er allvíða vikið að táknmálinu eða þáttum sem snerta táknmálið, viðurkenningu þess og útbreiðslu. Fyrst verður að taka það fram að í stjórnarsýslulögum nr. 37 frá 1993 er lögfest jafnræðisregla og regla um leiðbeiningarskyldu stjórn- valda sem leiðir til þess að líta verður svo á að heyrnarlausir eigi aðgang að

**...sem leiðir til þess að líta verður svo á að heyrnarlausir eigi aðgang að stjórnarsýslunni á Íslandi þannig að stjórnarsýsluhöfunum sé skylt að sjá til þess að heyrnarlausum sé séð fyrir táknmálstúlkun í samskiptum við stjórnvöld...**

stjórnarsýslunni á Íslandi þannig að stjórnarsýsluhöfunum sé skylt að sjá til þess að heyrnarlausum sé séð fyrir táknmálstúlkun í samskiptum við stjórnvöld. Þetta hefur þó ekki verið undanbragðalaust framkvæmt með þessum hætti í samskiptum íslenskra stjórnvalda og heyrnarlausra. Í bréfi dómismálaráðuneytisins til sýslu- manna frá 16. nóvember 1998 er sérstaklega vísað til jafnræðisákvæðis 65. gr. stjórnarskrárinnar og megin reglna stjórnarsýslulaga. Þar er ákveðið og gefin um það fyrirmæli til sýslu- manna að heyrnarlausir einstaklingar skuli eiga kost á þjónustu táknmálstúlks á embættum sýslumanna vegna með-

ferðar mála sem þær eru aðilar að. Kostnaður þar að lútandi greiðist af viðkomandi embætti. Önnur stjórnvöld hafa í sumum tilvikum ekki virt þessi sjónarmið og þannig er nú í bígerð málarekstur á hendur félagsmála- ráðuneyti vegna neitunar þess ráðu- neytis um að sinna þessari skyldu sinni í öðru tilviki.

## 3. Lög um Samskiptamiðstöð

Í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnar- lausra og heyrnarskertra nr. 129 frá 1990 eru sett ákvæði sem lýsa því sem markmiði laganna að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmálsins. Hlutverk stofnunarinnar er að annast rannsóknir á íslensku táknmáli, kennslu táknmáls, táknmáls- túlkun og aðra þjónustu sem að lýtur að heyrnarlausum og táknmálinu. Þetta eru einu lögin sem sett hafa verið á Íslandi sem fjalla sérstaklega um táknmálið og stöðu heyrnarlausra.

## 4. Heyrnar- og talmeinstöð

Í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97 frá 1990 er í 37. gr. A fjallað um stofnun sem kallast Heyrnar- og talmeinstöð. Í því ákvæði er sérstaklega tekið fram að þessi stofnun á að annast um þjónustu við heyrnarlausra, heyrnar- skerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein. Stofnuninni er ætlað að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum og sinna forvörnum. Þá er það hlutverk stofnunarinnar að útvega hjálpartæki og sjá um fræðslu og þjálfun í notkun slíkra hjálpartækja. Stofnuninni er að

endingu ætlað að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á þessu sviði.

#### 5. Lög um málefni fatlaðra

Í lögum um málefni fatlaðra nr. 59 frá 1992 er sett það markmið að fötluðum verði tryggt jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Sérstaklega er rétt að taka fram hér að engin vafi er á því að þau almennu ákvæði og þær almennu ráðstafanir sem er gert ráð fyrir samkvæmt

**Á skortir þó í aðalnámskrá leikskóla að þessi réttur leikskólabarna sé tryggður enda sýnir reynslan að almenn vísun til fatlaðra tryggir ekki að tillit sé tekið til sérþarfa heyrnarlausra**

lögnum um málefni fatlaðra eiga að sjálfsgöðu við um heyrnarlausu eins og um aðra fatlaða. Ákvæði laganna er flest almennt orðuð og áhöld um hversu mikla þýðingu þau hafa í raun. Segja má þó að lögin styðji við túlkun annarra ákvæða og marka að nokkru túlkun jákvæðra skyldna stjórnvalda sem leiða af félagslegum réttindaákvæðum.

#### 6. Lög um réttindi sjúklinga og einkamála

Rétt er vekja hér athygli á ákvæði laganna um réttindi sjúklinga nr. 74 frá 1997 en þar er kveðið á um rétt sjúklings til upplýsinga um heilsufar og meðferð. Sérstaklega tekið fram að sjúklingi sem notar táknmál skuli tryggð túlkun á táknmáli til að fá þessar upplýsingar. Sambærilegt ákvæði er í lögnum um meðferð einkamála í héraði að því er varðar skyldu dómstólsins til þess að sjá þeim sem

að á að gefa skýrslu fyrir dómi en er ekki fær um að eiga „orðaskipti á mæltu máli“ eins og það er þar orðað fyrir þjónustu kunnáttumanns til að túlka samskipti þessa einstaklings og dómstólsins.

#### 7. Grunn- leik- og framhaldsskólalög

Í aðalnámskrám sem settar hafa verið á grundvelli nýrra laga fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla hefur verið tekið tillit til táknmálsins og þar leitast við að tryggja að heyrnarlausum sé fengin staða í þessum aðalnámskrám til að stunda nám á táknmáli. Á skortir þó í aðalnámskrá leikskóla að þessi réttur leikskólabarna sé tryggður enda sýnir reynslan að almenn vísun til fatlaðra tryggir ekki að tillit sé tekið til sérþarfa heyrnarlausra. Þá má finna að því hvernig efnisleg framsetning aðalnámskranna er að því er varðar móðurmálskenndu sem ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að sé stunduð á móðurmáli þeirra sem eiga íslenska táknmálið að móðurmáli.

#### 8. Dómaframkvæmd

Utan settra laga er ekki á mörgu að byggja varðandi réttarstöðu íslenska táknmálsins og stöðu heyrnarlausra í því sambandi. Þó eru tveir dómur Hæstaréttar sem rétt er að rekja sérstaklega í þessu sambandi. Annar er H.1999:390 mál Rögnu Kristínar Guðmundsdóttur gegn Háskóla Íslands. Hitt er H.1999:2015 mál Berglindar Stefánsdóttur og Félags heyrnarlausra gegn Ríkisútvarpinu.

#### 9. H.1999:390

Í fyrrnefnda málinu er kveðinn upp mikilvægur dómur um inntak skyldna opinberra aðila á grundvelli laganna um málefni fatlaðra og mannréttinda- og jafnræðisreglna. Dæmt er að opinberum aðilum beri að vinna skipulega að því að ná markmiðum laganna á grundvelli jafnræðisreglu með almennum ráðstöfunum. Þá er ljóst af dómnum að opinberir aðilar geta orðið bóta-

skyldir ef á skortir að þeir geri þær almennu ráðstafanir sem þeim ber til að stuðla að þeim markmiðum sem

**Hins vegar er líka hægt að segja að í dómnum felist tíma- mótaniðurstaða um viðurkenningu íslenska táknmálsins**

lögin áskilja. Grunnþættir dómsins eru lögfestar skyldur opinberra aðila til að stuðla að jafnrétti fatlaðra og almenna jafnræðisreglan. Engin vafi er á því að nákvæmlega sambærileg skylda hvílir á stjórnvöldum að því er varðar heyrnarlausu eins og aðra fatlaða.

#### 10. H.1999:2015

Í síðarnefnda dómnum var kveðinn upp mikilvægur dómur um inntak kosningaréttarins og jafnræðisreglunnar og um skyldur opinberra aðila til að tryggja jafnræði við beiðingu kosningaréttar. Kröfugerðin var byggð á jafnræðisreglunni og samhengi hennar við inntak kosningaréttarins. Því var haldið fram að það brjóti jafnræðisreglu að tryggja ekki heyrnarlausum aðgang að framboðskynningu. Að framboðskynning á vegum opinberra aðila og jafnræði þegnanna til að fylgjast með sé hluti af inntaki kosningaréttarins sjálfs. Um þennan dóm verður að segja að aðstæður eru að ýmsu leyti óvenjulegar og sérstæðar og því varlegt að draga af dómnum of víðtækar ályktanir. Hins vegar er líka hægt að segja að í dómnum felist tímamótaniðurstaða um viðurkenningu íslenska táknmálsins. Dómurinn fellst á málsástæður áfryjenda og þar er sagt meðal annars að „Taki ríkið eða stofnanir þess hins vegar að sér það hlutverk að einhverju leyti að kynna kjósendum frambjóðendur og málefni þeirra í þágu frjálsra og lýðræðislegra kosninga, ber að gæta þess að slík kynning fari fram

án manngreinarálits í samræmi við 65. gr. stjórnarskrárinnar..." Með þessu orðalagi gengur Hæstiréttur út frá því sem gefnu að íslenska táknmálið sé móðurmál heyrnarlausra. Við þessa

**Þessi niðurstaða felur í sér að hluti íslensku þjóðarinnar eigi táknmálið að móðurmáli og í dómnum er því fölginn mikilvæg viðurkenning á táknmálinu**

ályktun er engin fyrirvari settur í dómnum. Þessi niðurstaða felur í sér að hluti íslensku þjóðarinnar eigi táknmálið að móðurmáli og í dómnum er því fölginn mikilvæg viðurkenning á táknmálinu. Ef farið hefði verið með mál fyrir segjum félag pólskra innflytjenda á Íslandi fyrir dómstóla og þess krafist að efni framboðskynningarinnar yrði textað á pólsku hefði niðurstaðan örugglega ekki orðið sú sama. Þeir sem að eigin vali á grundvelli umsóknar hafa gerst íslenskir ríkisborgarar og eru af erlendu bergi brotnir geta þannig ekki krafist þess að til dæmis slíkar framboðskynningar séu gerðar þeim aðgengilegar á erlendu móðurmáli sínu. Með því að fallast á kröfu áfrýjenda viðurkennir Hæstiréttur í raun að íslenska móðurmálið er ekki eitt heldur tvö. Það er að segja íslenska annars vegar og íslenska táknmálið hins vegar.

### 11. Mannréttindareglur

Þegar litið er á stöðu heyrnarlausra á Íslandi og spurninguna um viðurkenningu á móðurmáli þeirra, íslenska táknmálinu og það skoðað í ljósi þeirra mannréttindareglna sem gilda að íslenskum rétti má segja að málið snúist að einhverju leyti um það að réttur sem ætti að vera virkur á grundvelli almennra, borgarlegra og stjórnmalalegra réttinda, það er að segja rétturinn til móðurmálsins sé ekki tryggður til handa heyrnarlausum. Í

þessu sambandi er rétt að taka fram að mannréttindareglum er oftlega skipt í að minnsta kosti tvo meginhluta, annars vegar svokölluð klassísk mannréttindi sem eru borgaraleg- og stjórnmalaleg réttindi og þess háttar réttindi sem að hafa verið varin meira eða minna frá því í frelsisskránum stóru frá 18. öld. Réttur eins og eignarrétturinn, tjáningarfrelsið, félagafrelsið o.s.frv. og almennt talað má segja að þessi réttindi valdi engum sérstökum túlkunarvanda að því er varðar heyrnarlausra. Hið eina sem þar veldur ágreiningi varðar viðurkenningu táknmálsins og þess raunverulega inntaks sem önnur borgaraleg réttindi fá því aðeins að þeir sem þeirra eiga að njóta geti neytt þeirra í krafti móðurmálsins.



„Rétturinn til þjónustu túlka verður að vera afdráttarlaus.“

Um þetta og túlkunarvandræði í þessu sambandi fjallar einmitt fyrrnefndur Hæstaréttardómur í máli Félags heyrnarlausra gegn Ríkisútvarpinu. Hinn meginflokkur mannréttindareglna sem mjög hefur verið til umfjöllunar á undanförunum árum og áratugum eru hin nýju réttindi, svokölluð félagsleg réttindi, það eru mannréttindi 20. aldarinnar. Rétturinn til lífsgæða, rétturinn til félagslegs öryggis, til menntunar, heilsu, vinnu og svo framvegis. Mannréttindi af þessum toga eru þau réttindi sem t.d. ætlað er að tryggja með lögnum um málefni fatlaðra. Inntak þessara reglna eru oft afar óljóst og markmið þeirra oft ekki

mjög skýr. Það er um þessi réttindi og efni þeirra sem mjög mörg þeirra dómsmála sem hafa verið rekin á undanförunum árum hafa fjallað. Dæmi um slíkt mál er einmitt fyrrnefnt mál Rögnu Kristínar Guðmundsdóttur gegn Háskóla Íslands.

### 12. Félagsleg réttindi

Í tengslum við umræðuna um stöðu heyrnarlausra og viðurkenningu táknmálsins skiptir miklu máli hvert inntak réttindum heyrnarlausra verður fengið í félagslegum reglum. Ekki hvað síst snýst spurningin um þá réttarverkun sem félagslegar mannréttindareglur munu hafa ekki aðeins í samskiptum heyrnarlausra gagnvart stjórnvöldum heldur einnig í sam-

skiptum þeirra gagnvart öðrum einstaklingum í samfélaginu. Þannig má segja að réttur heyrnarlausra sé formlega tryggður í samskiptum við stjórnvöld og það er þá eftir atvikum unnt að láta reyna á fyrir dómstólum ef að heyrnarlausir telja að réttur þeirra sé fyrir borð borinn í einstökum tilvikum, eins og í málinu gegn Ríkisútvarpinu. Á hinn bóginn er rétturinn ekki tryggður í samskiptum heyrnarlausra við aðra einstaklinga í samfélaginu þ.e. ekki á einkaréttarsviðinu. Af þessu leiðir að í ýmsum þeim daglegu samskiptum sem heyrnarlausir þurfa að hafa við aðra einstaklinga í samfélaginu er þeim ekki tryggður skilyrðislaus réttur

til táknmálstúlkunar til að mynda og ekki tryggð aðkoma að samfélaginu í þessum skilningi. Með þessu er átt við þátttöku í almennu félagslífi það er átt við möguleika heyrnarlausra á að

til skýlaus viðurkenning á rétti heyrnarlausra til tiltekinna hjálpartækja og það

réttinn til þjónustu túlka. Rétturinn til þjónustu túlka verður að vera afdráttar-

**Rétturinn til þjónustu túlka verður að vera afdráttarlaus og ná til þess sem hinn heyrnarlausir telur sig þurfa en ekki vera háður mati opinberrar stofnunar**



Árny Guðmundsdóttir túlkur og Ástráður Haraldsson frá málþingi - Réttindi - menntun - lífsgæði.

gæta hagsmuna sinna í samskiptum við aðra einstaklinga. Sem dæmi má nefna viðtöl við lögmennt, endurskoðendur, fasteignasala og bílasala. Viðtöl við atvinnurekendur, þátttöku í fundum sem að allir þurfa að geta átt aðkomu að; húsfundir, foreldrafundir og svo framvegis.

**13. Viðurkenning táknmálsins**

Frá sjónarhóli heyrnarlausra er ekki nóg að táknmálið hljóti formlega viðurkenningu sem þó blasir við að þarf að gera annaðhvort í sérlægum eða stjórnarskrá. Einnig þarf að koma

þarf að tryggja fjármagn til að heyrnarlausir geti notið þessara hjálpartækja í daglegu lífi sínu. Það hjálpartæki sem hér skiptir langsamlega mestu máli eru táknmálstúlkarnir. Viðurkenning á táknmálinu sem móðurmáli heyrnarlausra með almennum lögum myndi valda miklum straumhvörfum í réttindabaráttu þeirra. Hins vegar eru fjármunirnir sem verða að fylgja nauðsynleg forsenda þess að slíkum rétti yrði tryggt raunverulegt innihald. Í sérstakri löggjöf um viðurkenningu á íslenska táknmálinu þyrfti að fjalla um menntun heyrnarlausra og fullorðinsfræðslu og um

laus og ná til þess sem hinn heyrnarlausir telur sig þurfa en ekki vera háður mati opinberrar stofnunar. Slíkur réttur til túlkunar getur hvort heldur sem er verið kvótabundinn eða ekki en meginatriði málsins er það að hann má undir engum kringumstæðum vera háður mati einhvers annars aðila en hins heyrnarlosa sjálfs um hvað er nauðsynlegt og hvað er ekki nauðsynlegt því slík forsjá opinberrar stofnunar gagnvart hinum heyrnarlosa myndi í raun svipta þá sjálfræði.

*Ástráður Haraldsson  
lögmaður Félags heyrnarlausra*



**FRÁ MÓTMÆLAFUNDI  
VIÐ ALÞINGISHÚSIÐ Í MARS 2003**



Rannveig Sverrisdóttir

# Kennsla í táknumálsfræði við Háskóla Íslands

Haustið 2001 hófst kennsla í táknumálsfræði við Háskóla Íslands á ný en með nokkuð breyttu sniði frá því sem áður var. Uppbygging námsins er eins og uppbygging annarra aðalnámsgreina við heimspekideild Háskóla Íslands, fagið hefur hlotið fastan sess innan veggja háskólans og fyrsti lektor við táknumálsfræðina ráðinn.

Þær breytingar sem hafa orðið á táknumálsfræðinni og sú viðurkenning sem námið hefur hlotið skiptir sköpum fyrir samfélag heyrnarlausra, menntun heyrnarlausra og viðurkenningu á máli þeirra og réttindum. Staða nýráðins lektors er þýðingarmikil upp á alla frekari þróunarvinna við námið sem og rannsóknir á táknumáli.

Rannveig Sverrisdóttir er lektor við táknumálsfræði við HÍ.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tungumálum, lærði þýsku og ítölsku og út frá því kviknaði áhugi minn á málvísindum. Ég tók BA-próf í málvísindum ásamt þýsku. Innan málvísindadeildarinnar kenndi Svandís Svavarsdóttir einn kúrs í málfræði táknumálsins. Það má segja að það hafi verið upphafið af kynnum mínum af táknumáli, ég kynntist málinu fyrst þar og fékk áhuga á því. Á námskeiðinu kom berlega í ljós að nóg var af verkefnum tengdu táknumálinu því það er að miklu leyti órannsakað. Eftir að ég lauk BA-prófinu spáði ég ekki meira í táknumálið fyrr en ég fluttist til Kaupmannahafnar til þess að hefja mastersnám í málvísindum við Kaupmannahafnarháskóla. Þar var verið að kenna kúrsta í málfræði táknumáls. Mér fannst þetta eiginlega allt mjög skritið, eins og að þetta ætti fyrir

mér að liggja.“

Þannig lýsir Rannveig upphafinu á kynnum sínum af táknumálinu og að hluta þeirri atburðarrás sem varð til þess að hún var fyrsti lektorinn í táknumálsfræði við Háskóla Íslands. Rannveig hóf störf í janúar 2002.

„Það má eiginlega segja það að táknumálið hafi elt mig uppi, þegar ég valdi skólann og mætti við upphaf kennsluársins hafði ég ekki hugmynd um að þessi kúrsar yrðu kenndir. Við málvísindadeildina úti er starfandi lektor sem heitir Elisabet Engberg-Pedersen. Hún kenndi námskeiðin, annars vegar námskeið í málfræði táknumáls og hins vegar námskeið um

**Það má því segja að núverandi staða mín sé tilviljunum háð, ef ég hefði farið út í nám ári seinna er ekki víst að ég hafi endað í táknumálinu, ég hefði alveg eins getað heillast af einhverju allt öðru**

félagslega stöðu táknumáls. Mjög algengt er í málvísindanámi að nemendur þurfi að taka námskeið sem fjalla um mál sem eru annarrar ættar en okkar mál, táknumál falla undir þetta. Það sama gilti um námskeiðið sem Svandís kenndi mér, það kallaðist „Mál annarrar ættar“.

Námskeiðin voru mjög skemmtileg og ýtti undir áhuga minn á táknumálinu. Engberg-Pedersen var líka mjög áhugasöm og hvatti mig mikið

áfram, það var mjög gaman að fá að starfa með henni. Hún stóð fyrir ráðstefnum og málstofum sem við nemendurnir græddu mikið á þannig að hver fyrir sig fékk mikið út úr því að vera þarna. Ég ákvað því að skrifa lokaritgerðina hjá henni um íslenskt táknumál og hóf nám í dönsku táknumáli. Ég kom heim og tók upp Froskasöguna og með mikilli hjálp frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra gat ég safnað sögunum saman og umritað þær. Ég tók þær svo aftur með mér út og vann úr þeim þar.

Það má því segja að núverandi staða mín sé tilviljunum háð, ef ég hefði farið út í nám ári seinna er ekki víst að ég hafi endað í táknumálinu, ég hefði alveg eins getað heillast af einhverju allt öðru. En eftir lokaritgerðina og samskipti mín við SHH var ég komin með annan fótinn inn í þennan heim. Og það átti ekki að sleppa mér þaðan! Lektorstaðan við HÍ er svo auglýst á svipuðum tíma og ég skila af mér lokaritgerðinni. Þetta er því fyrir mér eins og löng röð tilviljana sem varð til þess að ég endaði í þessu.

Í upphafi hafði ég ekki hugsað mér að sækja um lektorstöðuna því mér datt ekki í hug að ég fengi hana, ég var ekki búin að læra íslenskt táknumál nema að litlu leyti en var hvött til þess að sækja um. En stöðuna fékk ég þannig að núna er ég á fullu að bæta mig í íslenska táknumálinu og reyna að hreinsa burt þau dönsku tákni sem ég lærði úti sem eru að menga hjá mér málið.“

Rannveig segir að hlutverk sitt sem lektor við Háskóla Íslands sé að halda

utan um námið, það er hennar stóra hlutverk innan HÍ. Hún skupuleggur hvað er kennt og hverjir eigi að kenna og hún hefur mikil völd um það. „Ég þarf því að passa mig að mitt áhugasvið, málfræðin, taki ekki yfir á kostnað annars námsefnið. Einnig felst mikil ábyrgð í því að fá rétta fólkið til þess að kenna, hvort sem það er táknmal, samskiptafræði eða siðfræði. Kennarinn skiptir svo miklu máli.“

Starf mitt ber þess örugglega einhvern keim að þetta er nýtt fag innan HÍ og það verður væntanlega meira niður njörvað eftir einhver ár. En ég tel þó mjög mikilvægt að endurskoða námið mjög reglulega. Til dæmis ætlum við ekki að kenna 1. ár á næsta ári heldur einbeita okkur að 2. og 3. ári (túlkaárinu). Það er gott því þá gefst mér tækifæri á því að endurskoða fyrsta árið, hvað mætti laga og svo framvegis. Þannig að það má segja að námið sé í stöðugri þróun. Við kennararnir sækjumst líka einnig eftir því að fá viðhorf nemendanna til námsins því að það eru þau sem eru neytendurnir.

Aðspurð segir Rannveig að grundvallarmunurinn á táknmalfræðinni eins og hún er kennd núna og eins og hún var kennd áður liggi að mestu leyti í að núna eru kenndir fleiri tímar í táknmáli en áður var, nemendurnir læra meira táknmal á þessum tveimur árum.

„Við græðum á þeirri reynslu sem þegar hefur safnast. Við tókum út námskeið sem ekki skiluðu miklu og settum inn önnur í staðinn. Til dæmis erum við með kúrs núna sem heitir félagsleg staða táknmalísins sem byggir á félagslegum málvísindum og var kenndur í fyrsta sinn í fyrra og tókst mjög vel. Að öðru leyti held ég að aðalmunurinn liggi í því að við erum farin að kenna þýðingarfræði á öðru ári. Annars vegar kennum við almenna þýðingarfræði og hins vegar þýðingar á milli íslenska táknmalísins og íslensku.“

Þýðingar eru ekki það sama og túlkun en gefur nemendum ágætis grunn undir námið á túlkaárinu. Á móti kemur þó að túlkaárið er núna 30 einingar í stað 40 eins og áður en þetta er afleiðing þess að námið er núna BAnám og fylgir því reglum Heimspeki-deildar um 90 einingar til BA-prófs.“

Þegar Rannveig er innt eftir viðhorfi háskólasamfélagsins og háskólans til táknmalfræðinnar og stöðu hennar sem lektors eru svörin jákvæð. Rannveig segist finna fyrir miklum áhuga meðal háskólasamfélagsins og hún fær margar spurningar þar sem fólk veit ekki mikið um táknmálið og heyrnarlausu. Til dæmis fær hún að heyra hina klassísku spurningu „Er táknmálið ekki alþjóðlegt?“ nokkuð oft. „Fólk er mjög opið og vill gjarnan

**„Rannsóknir á táknmáli eru nauðsynlegur grunnur og auknar rannsóknir munu hafa mikil áhrif hvort sem um er að ræða móðurmáls og íslenskukennslu heyrnarlausra eða almennt nám þeirra“**

tengjast táknmálinu sem fræðigrein. Ég hef talað við fólk úr erlendum tungumálum, málvísindum og þýðingarfræðum, fólk sem er að rannsaka tvítýngi og hvernig eigi að kenna íslensku sem erlent tungumál.

Stundum þegar mér finnst ég vera ein í þessu, er alveg ótrúlegt hvaða dyr opnast. Til dæmis er mjög mikill áhugi innan þýðingarfræðinnar á táknmalstúlkun og tengjast þeim og því námi sem þar er. Einnig er áhugi á að tengjast saman og mynda hagsmunasamtök þýðenda/túlka og táknmalstúlka og ýmislegt í þeim dúr. Og nú er verið að athuga með hvort sé ekki hægt að koma upp stúdíói innan háskólans sem túlkanemendur hefðu aðgang að. Með slíkri samvinnu er ég

allt í einu komin 50 skrefum lengra vegna þeirra sameiginlegu hagsmuna sem við höfum með öðrum deildum. Sem hluti af stærri heild, verður táknmalfræðin mun sterkari.“

Rannveig telur að þýðing táknmalfræðinnar sem fag innan HÍ fyrir samfélag heyrnarlausra vera mikið og hún vonast til þess að með auknum rannsóknnum á táknmálinu verði til sterkur grundvöllur undir svo margt, þar á meðal viðurkenningu á íslenska táknmálinu sem móðurmáli heyrnarlausra. „Rannsóknir á táknmáli eru nauðsynlegur grunnur og auknar rannsóknir munu hafa mikil áhrif hvort sem um er að ræða móðurmáls og íslenskukennslu heyrnarlausra eða almennt nám þeirra. Með tilkomu fleiri túlka verður aðgangur heyrnarlausra að frekari menntun auðveldari og við fáum fleira menntað fólk út í samfélagið, hvort sem um er að ræða menntaða heyrnarlausu eða heyrandi með sérþekkingu á táknmáli og menningu heyrnarlausra.“

Um þessar mundir eru að opnast svo margar dyr, til dæmis eru fyrstu heyrnarlausu einstaklingarnir að útskrifast úr íslenskum háskóla sem er mjög stór áfangi. Háskólanám er allt í einu orðin eðlilegur hluti af lífi heyrnarlausra, sem fyrir tíma túlka og túlkaþjónustu gátu aðeins látið sig dreyma um að stunda háskólanám. Rannsóknir á táknmáli tengjast einnig viðfangsefnum Samskiptamiðstöðvar eins og námsgagnagerð. SHH sér um þann þátt fyrir Námsgagnastofnun en annar engan veginn vegna þess að það vantar fleira menntað fólk til þess að taka þátt í þessu starfi, kraftinn og áhugann vantar ekki.

Táknmalfræðin er því eiginlega fyrsta skrefið af óteljandi sem eiga eftir að fylgja í kjölfarið varðandi bættan hag heyrnarlausra. Vandamálið liggur ekki í verkefnaskorti heldur í því hvar eigi að byrja, það er af svo mörgu að taka.“





# Hvernig beita má Bandarísku táknmáli sem máli til kennslu í kennslustofunni

Laurene Gallimore

Skóli heyrnarusra í Indiana, Indianapolis

Þýðing: Svandís Svavarsdóttir

## Forsaga

Í heila öld hefur fjöldi rannsókna gefið til kynna að menntun heyrnarusra hafi mistekist; enn fremur hefur komið í ljós að heyrnarusu fólki tekst illa að læra að lesa. Samt sem áður beinast nær engar rannsóknir að þörfinni fyrir færni í ASL í kennslu og aðferðum.

Í könnun árið 1992 (í Endeavor 1992) spurðu Bandarísku samtökin fyrir heyrnarus börn (American Society for Deaf Children) um tvítýngisstefnu við skóla heyrnarusra og hugmyndafræði menntunar sem byggði á tveimur menningarheimum. Niðurstöður þessarar könnunar leiddu í ljós að sífellt fleiri skólar hafa nú tekið upp námskrá undir merkjum tvítýngis- og tvímenningar. Viðast hvar hefur hugtakið þó ekki fest sig í sessi í menntun kennara fyrir heyrnarusra. Flestar slíkar námsbrautir eru byggðar á viðhorfum og sýn heyrandi fólks. Þessar námsbrautir eru yfirleitt byggðar á læknisfræðilegri sýn á heyrnarus börn en ekki menningarlegri. Vegna skorts á samskiptum er enn mikil gjá milli skóla fyrir heyrnarusra sem byggja á tvítýngishugmyndafræði og kennaramenntun þar sem fylgt er úreltri hugmyndafræði alhliða tjáskipta.

Í skólum heyrnarusra sem fylgja tvítýngisstefnunni er ætlast til þess að kennararnir noti táknmál sem kennslumál og kenni ensku í gegnum lestur og skrift (Johnson, Liddell, & Erting, 1989). Æ fleiri rannsóknir á tvítýngi benda til þess að börn þurfi að ná góðu valdi á einu máli til þess að geta tileinkað sér annað (Cummins, 1979). Samt sem áður öðlast kennaranemar ekki slíka vitneskju eða þjálfun í sínu námi. Eftir útskrift úr kennaranámi reka kennararnir sig oft á miklar hindranir vegna skorts á nauðsynlegri þjálfun og færni í táknmáli. Flestir kennarar heyrnarusra hafa ekki lært um málfræði táknmáls, menningu heyrnarusra, menntunarsögu heyrnarusra eða táknmálsbókmenntir og hafa ekki notið neinnar formlegrar kennslu í táknmáli. Rannsókn þeirra Woodward og Allen (1987) leiddi í ljós að margir kennarar sem lærðu á tímum alhliða tjáskipta vissu ekki muninn á táknmáli og táknaðri ensku (SE (MCE)). Rannsóknin gaf ennfremur til kynna að táknmál var ekki mikið notað í kennslustundum, jafnvel þótt það væri notað að sögn, og að vitund um táknmál og útbreiðsla færi ekki vaxandi. Því má segja að skortur á réttri þjálfun fyrir kennara heyrnarusra hafi leitt til þess að námsbrautir fyrir heyrnarus börn í Bandaríkjunum hunsu þörf barna úr heyrnarusum og heyrandi fjölskyldum fyrir mál.

Umræðan um tvítýngismenntun heyrnarusra hófst fyrir meira en tveimur áratugum (Charrow, 1973; Kannapell, 1974). Allan þann tíma hafa rannsakendur og fagfólk bent á að táknmál er ekki aðferð til samskipta heldur mál. Bienvenu (1990) hefur sagt að „Landsamtök heyrnarusra (The National Association of the Deaf) hafi nefnt táknmál á lista yfir mismunandi aðferðir til samskipta. Táknmál er ekki aðferð. Táknmál er mál.“

## Hún bætir við:

...aðferðir eru ekki fengnar á náttúrulegan hátt eins og tungumál. Enn

fremur eru þær búnar til af einstaklingum og kenndar ákveðnum hópum fólks í ákveðnum tilgangi. Aðferðir geta verið gagnlegar til vissra nota; til að kenna, til að byggja og til að þjóna tilteknum hagsmunum en þær koma ekki í staðinn fyrir náttúrulegt mál.

## Johnson og Liddell (1990) skýrðu að

...ASL er ekki kennsluaðferð. Það er mál. Tvær kynslóðir rannsakenda hafa sýnt að ASL er mál óháð ensku og býr yfir eigin uppbyggingu, eigin orðaforða og eigin samtalsreglum. Engu að síður hefur verið tilhneiging í menntun heyrnarusra til að leggja að jöfnu mál til samskipta í skóla og kennslu-

aðferðinni sem beitt er. Þessi samjöfnun byrgir sýn á gildi og notkunarmöguleika Bandaríska táknmálsins í kennslustofunni.

Svo virðist sem fagfólk á sviðinu líti á tvítýngis-/tvímenningarmenntun og táknmál sem kennsluaðferðir eða tækni til að kenna heyrnarusum nemendum ensku. Þannig er tvítýngis-/tvímenningarmenntun tæki til að ná markmiðum menntunar sem alfarið tekur mið af ensku og heyrandi heimi. Þetta er einfaldlega enn eitt dæmið um það hversu lítillar viðurkenningar táknmál og menning heyrnarusra njóta. Ef hægt er að smækka táknmál

og tvítyngis-/tvímenningarmenntun niður í kennsluaðferð getur enska haldið stöðu sinni sem eina viðurkennda málið í menntun heyrnarlausra. Ef litið er á táknmál sem kennsluaðferð en ekki mál má auðveldlega líta framhjá táknmáli og menningunni sem það er samofið eins og hverja aðra tiskuhugmynd í kennslu (Wollenhaupt, Wilkins, McDonald, Neuroth-Gimbrone og Christie, 1991).

Með því að greina að mál og aðferð í kennaramenntun mætti minnka bilið á milli þarfa tvítyngis- og tvímenningarskóla og þess sem út úr kennaramenntuninni kemur. Þess vegna skiptir sköpum að kanna mögulegar ástæður þess að kennarar leggja enn að jöfnu mál og aðferð.

#### **Þekkingarskortur**

Hér að framan hefur því verið haldið fram að tilvonandi kennarar heyrnarlausra öðlist ekki þá þekkingu sem nauðsynleg er til að vinna í anda tvítyngis- og tvímenningar (Woodward & Allen; 1987). Þeir hafa ekki næg tækifæri til að læra eða beita táknmáli á skilvirkan hátt, að kynna sér málfræði málsins, eða verða vel að sér um menningu heyrnarlausra. Auk þess felst í kennaramenntunni lítil þjálfun á sviði tvítyngis, annars máls náms og tvímenningar/fjölmennningar. Loks skortir í kennaramenntunina áherslu á mikilvæg tengsl máls, vitsmuna og menningar við ferli alhliða þroska og náms.

#### **Læknisfræðileg sýn á heyrnarlausra**

Hið útbreidda og almenna viðhorf að heyrnarleysi sé læknisfræðilegt vandamál kemur í veg fyrir að táknmál og menning heyrnarlausra njóti viðurkenningar. Það sem býr að baki þessu viðhorfi er að „laga“ þurfi heyrnarlaus börn. Læknisfræðileg sýn viðheldur þeirri skoðun að æðsta markmið menntunar heyrnarlausra barna sé að þau „virki eins og heyrandi“. Undir þessu sjónarhorni dafna

hugmyndir um menntun þar sem enska ríkir ein og hugmyndin um táknmál sem mál í kennslu fremur en aðferð eða „tæki“ til að kenna ensku á mjög erfitt uppdráttar.

#### **Þróun í samfélagi heyrnarlausra**

Nú um stundir þróast samfélag heyrnarlausra á svipaðan hátt og aðrir minnihlutahópar hafa gert. Þessi þróun felur í sér að heyrnarlausir brjótast undan kringumstæðum og kerfum sem hafa meinað þeim að stýra lífi sínu og örlogum. Þessari kúgun hefur verið haldið við með ýmsum ráðum (Bahan, 1989). Áhrifaríkast hefur þó verið að láta undir höfuð leggjast að viðurkenna táknmál sem mál og neita að fallast á menningu þess. Fyrir bragðið eiga hundruð þúsunda heyrnarlausra eftir að átta sig á eigin máli og menningu. Fyrsta skrefið í þessu eflingarferli hefur verið að öðlast þennan skilning (Baker-Schenk, 1989). Þegar æ fleiri heyrnarlausir fara að skilja á milli máls og aðferðar

**Hið útbreidda og almenna viðhorf að heyrnarleysi sé læknisfræðilegt vandamál kemur í veg fyrir að táknmál og menning heyrnarlausra njóti viðurkenningar**

munu þeir hafa mikil áhrif á menntun leiðbeinenda og kennara.

Spenna og átök eiga sér einnig stað í samfélagi heyrnarlausra. Þessi spenna er oft til komin vegna slíks skorts á upplýsingum. Hún getur líka verið afleiðing af kúguninni sjálfri þar sem einstaklingar í kúguðum minnihluta fara að vinna hver gegn öðrum. Freire (1990) kallar þetta lárétt ofbeldi (horizontal violence). Meirihlutinn lítur oft á lárétt ofbeldi eitthvað á þessa leið: „O, þetta heyrnarlaus fólk getur ekki einu sinni komist að samkomulagi

sín á milli.“ Og þetta er notað sem átylla til að slá öllum breytingum í menntakerfinu á frest.

#### **Spurning um vald**

Mál er vald (Pattison, 1982). Þeir sem eiga eitthvað undir valdi sem felst í máli gera sér grein fyrir því að breytingar á málstefnu munu leiða breyttra valdahlutfalla. Um aldir hefur enska verið kennslumál í menntun heyrnarlausra í Bandaríkjunum og valdið yfir þeirri menntun hefur verið í höndum heyrandi fólks sem hefur ensku að fyrsta máli. Tvítyngis-/tvímenningarhugmyndafræðin breytir málinu í kennslu heyrnarlausra og táknmálið verður ríkjandi mál í samskiptum. Þess vegna öðlast heyrnarlausir smám saman sterkari stöðu innan menntunarinnar, valdastöðu (Reynolds & Titus; 1991). Svo gæti virst sem þessi breyting ógnaði þeim sem hafa vanist og búið um sig í fyrri valdakerfum. Fyrir vikið má vera að þeir líti á stöðuna í gegnum síur sem verja hagsmuni þeirra og þörf fyrir völd. Ein slík sía er að leggja að jöfnu mál og aðferð. Með því að líta á tvítyngis- og tvímenningarmenntun á þennan hátt er táknmáli haldið í aukahlutverki eða stuðningshlutverki við ensku. Og völd í skólastarfinu og kennaramenntuninni verða áfram í höndum heyrandi fólks. Með því að halda áfram að líta á mál sem aðferð er slegið á frest því sem máli skiptir, að heyrnarlausir ákveði sjálfir hvað er best fyrir heyrnarlausra. Menntastefnan nú um stundir er samkvæmt hefð á móti táknmáli og af því leiðir að þetta mál hefur ekkert formlegt hlutverk í menntun heyrnarlausra barna (Supalla, 1992).

#### **Að greina að mál og aðferð**

Til að skýra nánar hvað átt er við með táknmáli sem kennslumáli en ekki kennsluaðferð skulu hér tilfærð dæmi um aðferðir og þau vandamál sem koma upp til að sýna fram á að kennarinn þarf að kunna táknmál til að skilja aðferðafræði.

### Fyrsta dæmi - Þýðingaraðferð

Gerum ráð fyrir því að nemandanum sé gert að skrifa niður sögu eftir eigin frásögn á táknmáli á myndbandi. Á myndbandinu táknar nemandinn tiltekna merkingu. Nemandanum dettur ekki í hug enskt orð sem samsvarar tákninu. Kennarinn hjálpar til með því að skrifa ensk orð á töfluna sem hann telur rétta þýðingu á táknmáli nemandans. Vegna ónógrar þekkingar kennarans á táknmáli er orðið sem hann leggur til ekki merkingarlega rétt. Aðferðin sem byggir á að þýða táknmál yfir á ensku kann að vera vel meint en getur samt sem áður verið gölluð ef kennarinn hefur ekki nægilegt vald á táknmáli.

### Annað dæmi - Framsetning á skýringum

Algengt er að eftir að kennari tekur þátt í námskeiði eða annars konar endurmenntun til að auka við kennslufærni og/eða til að öðlast þekkingu á fagsviði þá er hann ófær um að beita því sem hann hefur lært í eigin kennslu. Þar sem kennarinn er ekki fær um að tjá sig nægilega vel á táknmáli til að útskýra ný hugtök eða hugmyndir þá tekst ekki að miðla upplýsingunum af námskeiðinu til nemandans. Enn fremur leiðir skortur á málfræðilegri færni oft til þess að tákn eru notuð í röngu samhengi. Þannig getur niðurstaðan orðið sú að upphafleg merking misskilst.

Þótt ýmsir vankantar séu á almennri menntun og skólastarfi (heyrandi) þá er ekki litið svo á að enskan hafi brugðist. Mál bregðast ekki. Táknmál bregst ekki og mun ekki bregðast. Ef skilning á mikilvægi máls skortir og ekki er hægt að þróa aðferðir sem taka fullt mið af þessu mikilvægi getur það leitt til þess að menntun heyrnarlausra bregst.

### Það sem helst er mælt með

#### Málfærni

Vegna þeirra vandamála sem hafa verið nefnd hér að framan til að ná valdi á

árangursríkri aðferðafræði þá þurfa kennarar að hafa fullt vald á táknmáli og beita því við kennslu og samskipti. Niðurstaðan yrði þá sú að kennsluaðferðirnar yrðu árangursríkar, skiljanlegar og þróaðar. Hér er stungið upp á fimm meginatriðum í táknmálsfærni sem kennslumáli sem kennarar ættu að hafa á valdi sínu áður en þeir geta beitt tiltekinni aðferðafræði. Þessi atriði hefur greinarhöfundur komið sér niður á eftir margra ára vinnu með heyrnarlausu og heyrandi starfsfólki.

**Til að ná valdi á  
árangursríkri  
aðferðafræði þá þurfa  
kennarar að hafa fullt  
vald á táknmáli og  
beita því við kennslu og  
samskipti**

#### 1. Færni

Í þessari umræðu er með færni átt við framsetningu á liprum, skýrum og virkum skilaboðum á táknmáli. Til að geta kallast fær í táknmáli þarf maður að hafa yfir fjölbreyttu samhengi og aðstæðum að ráða. Færni krefst þess að viðkomandi viti hvenær ber að skipta um málsnið, orðaforða, málfræðileg atriði o.s.frv. samkvæmt þeim kröfum sem samhengið gerir.

Til dæmis getur sá sem er fær í fingrastöfun áttað sig á því að sumar hliðar stöfunar, s.s. orðaforðabundin stöfun (táknin CAR, JOB, BANK) gera kröfur um aðlagða stöfun (Battison, 1978). Þótt þessar breytingar séu tækar þegar orðaforðabundin tákn eru annars vegar þá eru þær það ekki almennt þegar orð eru stöfuð. Sá sem er fær í fingrastöfun gerir sér grein fyrir þessum mun.

Sá sem er fær í fingrastöfun getur líka

aðlagð hraða, ryþma og heildarmynd stöfunarinnar allt eftir samhengi. Til dæmis getur stöfun verið með afar skýrum hætti þegar verið er að segja barni sögu og sérstök ástæða er til þess að leggja áherslu á ryþmann til að skýra merkingu tiltekins orðs. Fingrastöfun í venjulegu samhengi, við óformlegar aðstæður virðist aftur á móti oft verið hraðari og þar lögð minni áhersla á myndun hvers stafs.

Færni á ekki bara við í tilviki fingrastöfunar. Það er nauðsynlegt fyrir þann sem beitir táknmáli í kennslustofunni að vera fær um að breyta máli sínu á sama hátt, að því er varðar málfræðina, orðaforðann, og uppbyggingu samtalsins til að auka á skýrleika og gagnsemi.

#### 2. Magn/gæði

Þegar hér er rætt um gæði er átt við getu tákna til að beita viðeigandi getu, gæðum og málsniði í táknmáli til að koma til móts við þarfir nemandans. Þá er mál kennarans rétt fyrir ofan ætlaðan vitsmuna- og málþroska nemandans. Með því að vera rétt fyrir ofan nemandann í þessum skilningi er kennarinn að beita því sem Vygotsky vísar til sem svið næsta þroskaþreps (Vygotsky, 1986, Wersch, 1985). Þessi leið hvetur nemendurna til að halda áfram að læra og tryggir þeim nægjanlega fyrirmynd. Gæði þurfa að vera til staðar í öllu er snýr að málinu, þar með talið setningargerð, orðaforða og merkingu. Kennarar sem hafa þetta ekki á valdi sínu lenda oft í því að beita einfölduðu eða „barnalegu“ táknmáli við nemendurna þegar þeir eru að reyna að útskýra hugtak eða hugmynd.

Með hugtakinu magn er hins vegar átt við magn tákn málsins sem notað er í öllum námsgreinum yfir skólaárið eða skóladaginn. Það krefst þess að kennarinn geti beitt táknmáli í öllum greinum án þess að enska trufli á nokkurn hátt eða mjög lítið. Kennari sem á í vandræðum með „magn“ getur lent í því að nota táknaða ensku þegar

hann er að kenna ensku eða þegar hann er að útskýra ný hugtök.

### 3. Fjölbreytt svið

Sá sem hefur mál á valdi sínu getur tjáð fjölmargar hliðar á hvaða sviði sem er. Slíkur táknaánotandi getur rætt hvað sem er við nemendur allt frá íþróttum til heimspeki (Valli og Lucas, 1991). Kennarinn ætti að hafa getu til að skiptast á skoðunum um málefni önnur en þau sem eru beinlínis hluti af námskránni.

### 4. Mismunandi yfirbragð tegunda

Mál hafa yfir mismunandi leiðum að ráða til að gefa hárfínar upplýsingar til kynna svo sem breytingar á tíma eða sjónarhorni. Þessar upplýsingar hjálpa viðtakandanum oft til að sjá fyrir hvert umræðan leiði, að búa sig undir breytingu á umræðuefni, og til að skilja tón og sjónarhorn sögumanns. Mismunandi merkjum er beitt eftir því hvaða mál er talað. Innan tiltekins máls er hægt að breyta merkjum eftir samhengi eða tegund frásagnarinnar. Til dæmis er setningin í Amerísku táknaánoti sem notuð er til að byrja ævintýri og gefa til kynna að sagan hafi átt sér stað fyrir löngu ólík þeirri sem notuð er til að segja frá atburði sem gerðist í þáttíð. Með því að nota tvær ólíkar setningar gefur kennarinn nemandanum ekki aðeins til kynna tímarni í sögunni heldur líka eðli sögunnar. Fær táknaári ætti að gera sér grein fyrir þessum frásagnarháttum málsins og vera fær um að beita þeim á árangursríkan hátt í kennslustofunni.

### 5. Amerískt táknaánot - menning og vitsmunir

Sjáið fyrir ykkur aðstæður þar sem kennarinn tekur þátt í hópumræðum með nemendum. Kennarinn leggur spurningu fyrir tiltekinn nemanda. Kennarinn hikar meðan nemandinn veltir svarinu fyrir sér. Hversu lengi á kennarinn að biða áður en hann býður nemandanum einhvers konar aðstoð? Hvað gerir kennarinn til að aðstoða

nemandann við að hugsa? Hversu lengi heldur kennarinn áfram áður en hann beinir spurningunni til annars nemanda? Nýlegar mannfræðirannsóknir Shirley Brice-Heath (1983) sýna fram á að slíkar ákvarðanir sem kennari tekur margar á dag eru undir afar sterkum menningaráhrifum. Hvítur 1 kennari gerir þetta á annan hátt en þeldökkur 2. Heyrnarlausir kennarar gætu jafnvel gert þetta á annan hátt en heyrandi. Þær reglur sem gilda við ferli spurninga, endurtekninga, ítrekana

***Mikilvægt er fyrir kennara heyrnarlausra barna hafi gagngera þekkingu á samtalsreglum sem gilda í táknaánoti og séu meðvitaðir um þær menningarlegu meginreglur sem gilda í uppbyggingu samtals í táknaánoti***

líkt og rakið var hér að framan stjórnast af þeim almennu samtalsreglum sem gilda í viðkomandi máli. Mikilvægt er fyrir kennara heyrnarlausra barna hafi gagngera þekkingu á samtalsreglum sem gilda í táknaánoti og séu meðvitaðir um þær menningarlegu meginreglur sem gilda í uppbyggingu samtals í táknaánoti. Með merkingarríkum samtölum, félagslegum samskiptum og menningarlegum skoðanaskiptum þróast læsi (Erting, 1992).

### Vísbendingar fyrir kennara heyrnarlausra og kennaramenntun

Líkt og sjá má í Guidelines for Teacher Preparation and Certification in Bilingual-Bicultural Education (1982), þá er mælt með fimm meginatriðum sem geta hjálpað kennurum til að ná valdi á táknaánoti sem kennslumáli áður en þeir hefja kennaranám.

#### 1. Algjör dýfing

Með dýfingu í samfélag heyrnarlausra

til að ná betur valdi á táknaánoti er átt við að blanda geði við heyrnarlausu og beita táknaánoti stöðugt. Til dæmis þarf viðkomandi að sjá táknaánot notað við venjuleg samskipti. Samskiptahæfni og málfræðileg nákvæmni í táknaánoti nást yfirleitt á tiltölulega stuttum tíma á þennan hátt.

Þessi nálgun náttúrulegrar máltöku er áhrifamest til að ná valdi á máli ef borið er saman við hefðbundna leið til málnáms (t.d. táknaánotnámskeið). Málnám er ekki það sama og máltaka. Málnám merkir að „læra reglurnar“ og hafa málfræðilega þekkingu á málinu. Að tileinka sér mál er að „grípa málið“, þ.e. að þróa með sér getu í máli með því að nota það á náttúrulegan hátt við samskiptaaðstæður. Þeir sem ganga í gegnum þrjú eða fjögur ár í málnámi (t.d. táknaánotnámskeið) geta svo eftir á náð sér í þekkingu á ákveðinni menningu og náð þeirri málfærni sem ekki lærist á námskeiðum. Samt sem áður ná fæstir því að dýfa sér algjörlega í táknaánotssamfélagið og ná því takmörkuðu valdi á táknaánoti.

Kennarinn á að sýna getuna til að eiga í árangurríkum samskiptum, bæði í því að skilja táknaánot og tjá sig á því og hafa góðan skilning á menningu heyrnarlausra. Kennarinn ætti að geta kennt allar námsgreinar á táknaánoti með þessum skilningi.

#### 2. Að læra táknaánot og málfræði þess, bókmenntir og sögu

Kennarinn á að viðurkenna og tileinka sér ríkjandi mál samfélags heyrnarlausra sem gilt kerfi til samskipta á þess eigin forsendum.

#### 3. Að læra aðferðafræði

Kennarinn á að beita kennsluáferðum sem eiga við mismunandi námshætti og þroskastig, jafnvel á forskólastigi, með það í huga hvernig mismunandi menning hefur áhrif á það og aðrar námsbreytur. Einnig ætti að beita nýrri tækni til að efla mál nemandans á

árangursríkan hátt á mismunandi sviðum.

#### 4. Að læra um þroska og nám

Kennarinn á að skilja sambandið milli máls, menningar og vitsmuna og hvernig þessir þættir hafa áhrif á sálfélagslegan þroska. Kennarinn á að gera sér grein fyrir þeim fordómum sem viðteknar aðferðir fela í sér meðan hann þróar námskrá fyrir nemandann og vera jafnframt meðvitaður um námsferlið.

#### 4. Að læra hvernig annað mál lærist og um tvítyngi og tvímenningu

Kennarinn á að skilja kenningar um það hvernig fyrsta og annað mál lærist,

**Tímarnir breytast. Við getum ekki ásakað kennara og stjórnendur fyrir að hafa ekki vitað allan tímann að táknmál er fullgilt mál, áður er sú staðreynd hafði verið uppgötvuð og staðfest á síðustu árum. En við getum ásakað alla þá sem hafa af stífni haldið fast við gamlar og árangurslausar aðferðir nú þegar sannanirnar liggja fyrir og fræðimenn, kennarar og leiðtogar kalla á breytingar**

muninn á því hvernig börn og fullorðnir læra mál og áhrif þess munar á skólastarfið. Kennarinn á að gera sér grein fyrir því að mikilvægasta og gagnlegasta hugmyndafræðin byggir á aðgreiningu milli máltöku og málnáms. Enn fremur á kennarinn að bregðast á jákvæðan hátt við fjölbreytilegri hegðun sem á rætur í samspili milli ólíkra menningarheima og vera meðvitaður um gildi menningarlegs fjölbreytileika.

#### Niðurstaða

Táknmál sem kennslumál er ekki það sama og kennsluáferð. Það hefur verið sannað að táknmál er mál sem lýtur sínum eigin lögmálum og þess vegna á að beita táknmáli sem máli en ekki tæki til að viðhalda sessi enskunnar sem ríkjandi máls. Táknmál skal viðurkennt sem náttúrulegt mál heyrnarlausra.

Til að skilja táknmál sem kennslumál verður að aðgreina það frá kennsluáferð. Kennarar heyrnarlausra þurfa að viðhalda hæfni í málinu og hafa færni í og fullan skilning á táknmáli, menningu heyrnarlausra, málfræði, mannlegum þroska og tvítyngis-tvímenningar menntun. Enn fremur þurfa þeir að þróa með sér og viðhalda menningarlegu næmi með því að taka fullan þátt í samfélagi heyrnarlausra.

Á ráðstefnu árið 1978 um táknmál /ensku tvítyngda menntun fyrir heyrnarlausra varaði James Woodward við því að ef tvítyngismenntun heyrnarlausra væri undir röngum formerkjum þá gæti komið til þess að táknmálinu yrði kennt um það ef börnunum gengi illa.

Meðlimir í samfélagi heyrnarlausra þurfa að styrkja táknmálið og viðhalda sessi þess í menntun heyrnarlausra og í eigin samfélagi til að lýsa því yfir að menntun heyrnarlausra barna sé ekki mistök. Mest um vert er að ítreka þörfina á því að heyrnarlausir rannsakendur gegni lykilhutverki í því að byggja upp, þróa og skrásetja aðferðir og námskrár. Slík aðgerð er meira en 150 árum of sein.

Tímarnir breytast. Við getum ekki ásakað kennara og stjórnendur fyrir að hafa ekki vitað allan tímann að táknmál er fullgilt mál, áður er sú staðreynd hafði verið uppgötvuð og staðfest á síðustu árum. En við getum ásakað alla þá sem hafa af stífni haldið fast við gamlar og árangurslausar aðferðir nú þegar sannanirnar liggja

fyrir og fræðimenn, kennarar og leiðtogar kalla á breytingar (Lane, 1992, 169-170).

#### Þakkir

Mig langar að tjá samstarfsfólki mínu, Steve Nover, Sam Supalla, Jeffery Davies og Rachel Stone einlægur þakkir fyrir að hafa stutt mig í doktorsnámi mínu með ráðum og dáð og einnig í starfi mínu við Indiana School for the Deaf (ISD), einnig vil ég þakka tvítyngis/tvímenningarnefndinni í ISD þar sem áhrif mín og innsæi hafa þroskast, vinum mínum og hetjum David Reynolds og Ann Titus sem hafa viðhaldið sínum frumkvöðulsanda og voru meðal þeirra fáu sem skildu framtíðarsýn mína og þörf fyrir að bæta menntun heyrnarlausra.

Loks get ég aldrei fullþakkað MJ Bienvenu og Betty Colonos fyrir Tvímenningarmiðstöðina þeirra þar sem þær hafa lagt sín lóð á vogarskálarnar til þess að draumurinn um tvítyngis /tvímenningarmenntun við ISD hefur orðið að veruleika og síðast en ekki síst fyrir að gera mér grein fyrir því að ég sem heyrnarlaus, þeldökk bandarísk kona get hugsað og gert hið ómögulega í starfi mínu með heyrnarlausum.

1 *Caucasian.*

2 *Afro-American.*

#### HEIMILDARSKRÁ

- Aschenbrenner, B. (1992). (Ed.) ASDC asks schools: Where are you now? Where are you going? *The Endeavor*, (3) 144.
- Bahan, B. (1989). *Pride and prejudice: A comparative study of oppression among U.S. Deaf people and South African black people*. Paper presented at The Deaf Way, Washington, DC.
- Baker-Shenk, C. (1989). *How oppression affects our lives*. Paper presented at The Deaf Way, Washington, DC.
- Battison, R. (1978). *Lexical borrowing in American Sign Language*. Silver Spring, MD: Linstok Press.
- Bienvenu, MJ. (1990). Letters from Deaf Americans. In M. Garretson (Ed.), *Communication issues among deaf people: A Deaf American Monograph*, 40, 1-4. Silver Spring, MD: National Association of the Deaf.
- Charrow, V. (1973). *English as the second language of deaf students* (Technical Report No. 208). Institute for Mathematical Studies in the Social Sciences. CA: Stanford University.
- Cummins, J. (1979). Linguistic interdependence and the educational development of bilingual children. *Review of Educational Research*, 49(2), 222-251.
- Ertling, C. (1992). Deafness and literacy: Why can't Sam read? *Sign Language Studies*, 75, 97-112.
- Freire, P. (1990). *Pedagogy of the oppressed*. New York: Continuum.
- Freire, P., & Macedo, D. (1987). *Literacy: Reading the word and the world*. South Hadley, MA: Bergin & Garvey.
- Guidelines for the preparation and certification of teachers of bilingual-bicultural education. (1982) *The Reflector*, 3, # 27-30.

## HVAÐ LANGAR ÞIG AÐ VERÐA ÞEGAR ÞÚ VERÐUR STÓR?

Nemendur í Vesturhlíðarskóla



**Snædis Rán Hjartardóttir**

„Ég ætla að verða læknir.“



**Arnold Halldórsson**

„Ég hef ekki hugmynd um það.“



**Unnur Pétursdóttir**

„Ég ætla að verða hárgreiðslukona eða kennari. En annars ætla ég að ákveða þetta þegar ég er orðin stór.“



**Karen Eir Guðjónsdóttir**

„Ég ætla að verða dýralæknir eða hárgreiðslukona.“

## EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKJA FÉLAG HEYRNARLAUSRA

### Hveragerði:

Dvalarheimilið Ás, Hverahlíð 20  
Grunnskólinn í Hveragerði, Skólarmörk 6  
Hamrar hf, plastiðnaður, Austurmörk 11  
Heilsugæslustöðin Hveragerði,  
Breiðumörk 25b  
Lítla kaffistofan - Olis, Svinahrauni  
Vinnuvelar A. Michelsen ehf,  
Austurmörk 4

### Hvolsvöllur:

Fylkir, vörubílstjóræfing, Eystri-  
Torfastöðum 1  
Holtsprestakall, Holti  
Ingibjörg Marmundsdóttir,  
Norðurgarði 8  
Kvenfélagið Freyja,  
Nýja þvottahúsið, Stóragarði 6  
Prjónaver ehf, Hlíðarvegi 10

### Þorlákshöfn:

Fagus, trésmiðja, Unubakka 18-20  
Fisklöngan Ver, Óseyrarbraut 20  
Fiskmark ehf, Hafnarskeiði 21  
Hafnarnes hf, útgerð, Óseyrarbraut 16 b  
Humarvinnslan ehf, Unubakka 42-44  
Humarvinnslan -Portland ehf,  
Unubakka 21  
Sveitarfélagið Ólfus, Hafnarbergi 1

### Vík:

Byggingafélagið Klakkur ehf,  
Smíðuvegi 9

### Kirkjubæjarklaustur:

Héraðsbókasafnið Kirkjubæjarklaustri,  
Klausturvegi 4

### Vestmannaeyjar:

Bergur - Huginn ehf, Pósthólf 236  
Eyjaprent ehf, Strandvegi 47  
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,  
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28  
Karl Kristmanns, umboðs- og  
heildverslun, Ofanleitisvegi 15-19  
Miðstöðin ehf, Strandvegi 65  
Ós ehf, Illugagötu 44  
Sjómannafélagið Jötunn, Skólavegi 6  
Skattstofa Vestmannaeyja,  
Heiðarvegi 15  
Skipalyftan ehf, Eiðinu  
Vestmannaeyjabær, Raðhúsinu  
Vöruval ehf, Vesturvegi 18

### Eyrbakkí:

Stálverk ehf, Álfsstétt 5

### Laugarvatn:

Verstunin H Sel, Dalbraut 8

### Flúðir:

Garðyrkjustöðin Hvammur I ehf,  
Hvammi I

### Hella:

Rangá ehf, Suðurlandsvegi  
Verkalyðsfélag Suðurlands,  
Suðurlandsvegi 3  
Vörufell ehf, v/ Suðurlandsveg

## Framhald HEIMILDARSKRÁR bls. 19

Heath, S.B. (1986). Sociocultural contexts of language development. In *Beyond Language: Social and cultural factors in schooling linguistic minority students* (pp. 143-186). Los Angeles: Evaluation, Dissemination, and Assessment Center, California State University.

Heath, S.B. (1986). Taking a cross-cultural look at narratives. *Topics in Language Disorder*, 7, 84-94.

Heath, S.B. (1985). The cross-cultural study of language acquisition. *Papers and reports on child language development*, 24, 1-21.

Heath, S.B. (1983). *Ways with words: Language, life and work in communities and classrooms*. London: Cambridge University Press.

Johnson, R.E., & Liddell, S. (1990). The value of ASL in the education of deaf children. In M. Garretson (Ed.), *Communication issues among deaf people: A Deaf American Monograph*, pp. 59-63. Silver Spring, MD: National Association of the Deaf.

Johnson, R.E., & Liddell, S., & Erting, C. (1989). *Unlocking the curriculum: Principles for achieving access in deaf education* (Gallaudet Research Institute Working Paper Series, No. 89-3). Washington, DC: Gallaudet Research Institute.

Kannappell, B. (1974). Bilingual education: A new direction in the education of the deaf. *The Deaf American*, 26(10), 9-15.

Lane, H. (1992). *The mask of benevolence: Disabling the deaf community*. New York: Alfred A. Knopf.

Pattison, R. (1982). *On literacy*. New York: Oxford University Press.

Reynolds, D., & Titus, A. (1991). *Bilingual/bicultural education: Constructing a model for change*. Paper presented at the 55th Biennial Meeting of the Convention of American Instructors of the Deaf, New Orleans, LA.

Supalla, S. (1992). Equal educational opportunity: The deaf version. In M. Walworth, et al. (Eds.), *A free hand: Enfranchising the education of deaf children*. (170-181). Silver Spring, MD: T.J. Publishers, Inc.

Valli, C., & Lucas, C. (1991). *Introduction to the structure of ASL*. Washington, DC: Gallaudet University Press.

Vygotsky, L. (1986). *Thought and language*. (A. Kozulin, Trans./Ed.). Cambridge: Massachusetts Institute of Technology (original work published in 1934).

Werteck, G. (1985). *Vygotsky: The Social Formation of Mind*. Cambridge: Harvard University Press.

Wollenhaupt, Wilkins, McDonald, Neuroth-Gimbrone, & Chistie. (Eds.). (1991) Bilingual/bicultural education: It's not a fad. *TBC News*. 1-2.

Woodward, J. (1978). Some sociolinguistic problems in the implementation of bilingual education of deaf students. In F. Caccamise & D. Hicks (Eds.), *American Sign Language in a bilingual, bicultural context, The proceedings of the Second National Symposium on Sign Language Research and Teaching*. (193-203) Silver Spring, MD: National Association of the Deaf.

Woodward, J., & Allen, T. (1987). Classroom use of ASL by teachers. *Sign Language Studies*, 54, 1-10.



# Skólakerfi sem brást

*Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands eru á Íslandi 160 börn á aldrinum 0 til 18 ára sem eru heyrnarlaus eða heyrnarskert. Miðað við að aðeins 16 börn stundi nám við táknmálssvið Hlíðarskóla hlýtur maður að spyrja sig hvar þessi börn séu og hvernig þeim farnist. Sigríður Sigurðardóttir er móðir Herdísar sem er heyrnarskert og segir hún sína sögu hér.*

## Saga Herdísar

Í leikskóla þegar Herdís var 3-4 ára kom í ljós að hún virtist ekki heyra og var miklum röraaðgerðum og siendurteknum eyrnabólgu kennt um. Hún talaði ekki nema lítið og það var bjagað og vitlaust sagt og hegðaði sér mjög undarlega þegar talað var til hennar, hljóp upp um borð og bekki til þess að þurfa ekki að svara eða tjá sig. Í júlí 1990 var hún 4 ára þegar ég fór með hana einu sinni enn suður til Reykjavíkur, ég held ferð nr. 9 og nú á Landakot. Þar hittum við barnalækni, sálfræðing og lækni sem lögðu fyrir hana ýmis próf og fundu út að hún væri með mál og skilningsþroska 21/2 árs barns en hún væri mjög dugleg verklega jafnvel á undan. Þá var hún heyrnarmæld og kom í ljós að hún heyrði ekki hátíðnihljóð og við vorum sendar heim með heyrnartæki í bæði eyru. Það tók svo 1/2 mánuð og nokkra ískassa að fá hana til að vera með tækin, helst yfir barnaefni í sjónvarpi

og að lokum gleymdi hún að hún var með tækin og þau fengu frið í eyrunum og eru þar enn. Og nú héldu allir að hún færi að tala almennilega en það gerðist ekki. Herdís var líka send í sjónpróf og blóðpróf sem virtust eðlileg.

Í janúar 1991 vorum við sendar í 5 vikur á Greiningastöð Ríkisins þar sem hún var metin heyrnarskert með alvarlega málhömlun. Þá voru send gögn og leiðbeiningar til Leikskóla Vopnafjarðar um hvernig örva skyldi

**Það tók svo 1/2 mánuð og nokkra ískassa að fá hana til að vera með tækin, helst yfir barnaefni í sjónvarpi og að lokum gleymdi hún að hún var með tækin og þau fengu frið í eyrunum og eru þar enn. Og nú héldu allir að hún færi að tala almennilega en það gerðist ekki**

mál hennar og skilning þá aðallega hugtök. Hún var tekin á hverjum degi í kennslu og fengu alltaf einhverjir krakkar að koma með og þetta gekk ágætlega.

Við fórum allavega tvisvar í mat á Greiningarstöðinni fram að skóla og voru einhverjar framfarir. Einnig fór hún

í heilaskanna og höfuðsneiðmynd til að finna hvort það væri eitthvað sem væri hægt að laga en svo var ekki. Haustið 1992 byrjaði Herdís í almennum skóla á Vopnfirði og átti að gera ýmislegt til að auðvelda henni námið. En það fór frekar fljótt úr böndunum og var alla tíð.

Svæðisstjórn málefna fatlaðra á Egilsstöðum var inni í málinu eða tók við af Greiningarstöðinni og hélt utan um að fá aukatíma og kennara til að skilja og kenna Herdís eftir hennar þörfum. Einnig var reynt að gera stofuna og staðsetningu Herdísar í stofunni rétta. Bryndís frá HTÍ kom líka við sögu og einu sinni hélt hún góðan fund fyrir mig og kennara um hvernig það er að vera heyrnarskertur. Hún kenndi líka hvernig skyldi staðið að kennslu og hvernig auðvelt væri að nota tákni og bendingar. Á hverju ári og oft á hverju skólaári þurfti svo að laga hlutina á ný því kennarar „gleymdu“ því að Herdís er heyrnarskert. Reynt var að nota FM-tæki en svo var gefist upp á því. Herdís fannst óþægilegt að nota það, vildi ekki útiloka annað sem fór fram í stofunni.

Nokkur táknmálsnámskeið fór hún á bæði í Reykjavík, Akureyri og svo var aðeins komið austur. En yfirleitt leið svo langt á milli þeirra að það datt niður á milli svo að árangur varð lítill. Svona fór hún í gegnum 1.-7. bekk og

þegar hún eltist þá var hún í skólanum til að vera þar en lærði svo allt heima. Þá náði hún ekki því hvernig eða hvað hún átti að gera í skólanum svo að hún geymdi þar til heim var komið og hægt var að fá aðstoð í ró og næði. Einhvern tíma í 5.-6. bekk fékk hún aukaaðstoð og var það í formi hugtaka þar sem orðaforðinn var alltof lítill, stóll var bara stóll, ekki ruggustóll, hægindastóll o.s.frv.

1999 flutti hún til Reykjavíkur og fór í Vesturhlíðarskólann til að fá kennslu við sitt hæfi. En ekki tók nú betra við. Þar þjáðist hún af einangrun og félagaleysi. Námið gekk ágætlega en svo kom í ljós að hún var á eftir jafnöldrum með bækur og fleira, minna efni tekið fyrir þar en hjá jafnöldum í almennum skóla.

Haustið 2000 fór hún í almennan skóla, Rimaskóla í 9 bekk. Það var náttúrulega hrikalegt að vera komin í yfir 20 manna bekk með tilheyrandi látum. Kennarar vissu af heyrnarskerðingunni en ekkert var gert til að aðstoða þá við að kenna henni né fræða. Þá kom í ljós að hún var á eftir í námsbókum þannig að hún missti töluvert úr þ.ám. alveg heila enskubók sem er afar slæmt. En hún fékk enga aukatíma þann vetur því að það var of seint að sækja um og búið að úthluta þeim fáu sem skólinn fékk. Fyrst í 10. bekk eftir mikla baráttu inni í sér og vanlíðan fengum við Svandís og Gígju frá Samskiptamiðstöð heyrnarusra og heyrnarskertra í skólann og héldu þær fund með kennurum. Þá loks fékk hún aukatíma í stærðfræði og ensku og fallið var frá kröfum um að hún tæki hlustunarpróf. En í samræmdu prófunum las kennari upp hlustunina og hún horfði á hann. Einnig fær hún lengri próftíma. Hún hefur alltaf þurft að taka sömu próf og aðrir og eru þar hlustunarprófin alveg út í hött fyrir heyrnarskert barn.

Í dag er Herdís á annari önn í Borgarholtsskóla en hún er á náttúrufræði-

braut. Það gengur vel með mikilli vinnu. Svandís og Gígja eru okkar bakhjarlar þar og loksins eftir öll þessi ár finnst mér ég getað leitað aðstoðar sem fylgt er eftir. Einnig er mjög góður námsráðgjafi við skólann og getur Herdís leitað til hennar með það sem betur má fara. Kennarar ljósrita fyrir hana glósur og vita af henni. Herdís vinnur í stórverslun aðra hvora helgi og síðastliðin tvö sumur. Í vinnunni er ekkert verið að spá í að hún er heyrnarskert en henni líkar vel og er

**Á hverju ári og oft á hverju skólaári þurfti svo að laga hlutina á ný því kennarar „gleyndu“ því að Herdís er heyrnarskert**

vel liðin. Um þessar mundir er hún að byrja í örukennslu svo að nóg er að gera.

En hvernig líður Herdís í dag? Að hennar sögn líður henni ágætlega. Hún á fínan vinahóp en hún veit alltaf minnst um það hvað krakkarnir tala um. Hún nær mjög litlu því sem jafnaldrarar hennar tala um og þá „leikur“ hún, hlær, sýnir svipbrigði og fleira. Hún óttast það mikið að spyrja alltaf aftur og aftur hvað krakkarnir tala um. Hún er svolítið smeyk um að lenda útundan. Sem móðir hennar þá sakna ég þess að hún eigi ekki vinkonu sem hún getur talað við um allt.

Herdís stefnir á að taka stúdentspróf af náttúrufræðibraut en er svo óákveðin með framhaldið. Hana langar samt í háskóla.

*Sigríður Sigurðardóttir*

## EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKJA FÉLAG HEYRNARLAUSRA

### *Dalvík:*

B.H.S., bíla- og vélaverkstæði, Fossbrún 2  
Hafnarsamlag Eyjafjarðar, Ráðhúsinu  
Katla hf, byggingafélag, Melbrún 2

### *Ólafsfjörður:*

Dvalarheimilið og Heilsugæsla Ólafsfjarðar,  
Sparisjóður Ólafsfjarðar, Aðalgötu 14  
Vélsmiðja Ólafsfjarðar hf, Múlavegi 3

### *Húsavík:*

Alli Geira hf, Garðarsbraut 50  
Bilamálun Alla Berg ehf, Haukamýri 1  
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Garðarsbraut 9  
Fatahreinsun Húsavíkur sf, Tungötu 1  
Garðræktarfélag Reykhverfinga, Hveravöllum  
Geiri Péturs ehf, Uppsalavegi 22  
Húsavíkurbær, Ketilsbraut 9  
Knarrareyri ehf, Garðarsbraut 18a  
Langanes hf, útgerð, Skólagarði 6  
Málningarþjónusta Húsavíkur ehf, Grundargarði 4  
Sigurjón Benediktsson, tannlæknir, Kaldbaki  
Skobúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13

### *Laugar:*

Kvenfélag Reykdæla, Pálmholti  
Norðurljóll ehf, Laugabrekku

### *Mývatn:*

Hótel Reykjahlíð, Reykjahlíð  
Jón Árni Stígússon, Víkurmes  
Kislihlöjan hf, Reykjahlíð

### *Kópasker:*

Silfurstjarnan hf, Núpsmýri

### *Raufarhófn:*

Hótel Norðurljós, Aðalbraut 2  
Þorsteinn GK 15 ehf, Aðalbraut 41a

### *Vopnafjörður:*

Rafverkstæði Árna Magnússonar, Hafnarbyggð 1  
Sláturfélag Vopnafirðinga hf, Hafnarbyggð 6

### *Egilsstaðir:*

Bókás ehf, Koltröð 4  
Búnaðarfélag Hlíðarhrepps, Skriðufelli  
Fellabakari, Lagarfelli 4  
Ferðaþjónustan Stóra Sandfelli, Stóra-Sandfelli 2  
Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Laufskógum 1  
Hitaveita Egilsstaða og Fella, Einhleypingi 1  
Hraðbúð ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6  
Miðás hf, Miðási 9  
Tindafell ehf, Teigaseli 2  
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar, Mással  
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Selási 15



Margrét Gíga Þórðardóttir

# Hvernig er það að vera heyrnarskertur í almennum skóla?

Sjálf fæddist ég heyrnarskert og hef verið með heyrnartæki frá því það uppgötvaðist að ég væri heyrnarskert eða 2 1/2 árs. Málþroski minn var ekki góður á þeim tíma og fóstunar mínar í þeim leikskóla sem ég var í fannst eitthvað skrytið að málþroskinn minn var seinn miðað við þroska og kom aldrei með ný orð. Foreldrum mínum fannst það líka eitthvað skrytið en heldu að þetta ætti bara að vera svona og svo myndi það lagast. En eftir að fóstunar nefndu þetta við foreldra minna komst fljótlega upp að ég væri heyrnarskert, og þá einnig bróðir minn sem er þremur árum eldri en ég.

Ef ég hugsa til baka til þeirra ára þegar ég var í leikskólanum, þá man ég að ég truflaði oft leikinn, þar sem ég misskildi hvað átti að gera, kunni ekki að syngja þessi vinsælu leikskólalög, heldur raulaði alltaf með þannig að fóstunar höfðu haldið að ég væri að syngja, því ég kunni nánast engin lög fyrr en þegar ég fór lesa þá texta sem til eru af leikskólalögum.

Ég man nú ekki sérlega mikið eftir fyrstu árum mínum í barnaskólanum en ég var þá oft með fm-tæki þar sem kennarinn er með magnara um hálsinn á sér og ég einnig þannig að ég heyrði bara í kennaranum. En það var oft þannig að ég náði ekki því sem fram fór í tímanum og þegar fór að líða á áttum við að gera einhver verkefni og ég spurði oftast um hvort ég mætti fara í klósettið, en tilgangurinn var að eyða tímanum svo ég þyrfti ekki sitja kolsveitt og skilja ekki hvað ég ætti að gera. Vildi ekki vera alltaf að spyrja! Þannig að kennararnir voru ekki meðvitaðir um það að ég var að fara til að flýja verkefni. En svona man ég barna-

skólann minn, að flýja undan verkefnum. Þegar ég var 12-13 ára var mér boðið að heimsækja Heyrnleysingjaskólann (Vesturhlíðarskóla) og fannst mér það alveg ágætt að fara þangað. Ég byrjaði að koma í skólann á hverjum mánudegi og miðvikudegi í íslensku, dönsku og ensku. Það má segja að það hafi bjargað mér námslega séð að hafa farið í þennan skóla bara við að hitta

***Ef ég hugsa til baka í dag, þá hefði ég viljað hafa táknmáls-túlk í framhaldskóla, í fósturskólanum því ég veit að staðan hefði verið allt öðru vísi í dag ef ég hefði haft með mér táknmáls-túlk***

kennarann minn, Fríðu, sem var mín fyrirmynd. Ég ætlaði að verða eins og hún. Ef ég hefði ekki farið í þennan skóla væri ég ekki að vinna við það sem ég er að gera í dag. Á þessum tímum var ég bara ein í tíma ásamt kennara og fór í námið eins og ég væri í mínum almennum skóla, með mínar bækur og sömu fyrirmælin og voru send frá skólanum. Almenni skólinn minn var finn, frábærir kennarar og góður bekkur, en ég átti alltaf erfitt með að vera í skólanum þar sem það var mikil hávaði, og fann að ég var stöðugt að missa úr, fór að misskilja mikið og náði ekki fyrirmælum kennarans. Mér leið betur námslega séð í Vesturhlíðaskóla en félagslega í hinum skólanum. Þegar ég lauk gagnfræðaskólanum fór ég í Fjölbautaskóla Breiðholts, þar sem það

